



Á STÍGAMÓT HAFNA UM

7000

leitað á

25

ÁRUM

Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:
Anna Þóra Kristinsdóttir, sálfræðingur

Textahluti:

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta

Hönnun Kápu:

Hvíta húsið

Prentun:

Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan



Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 25. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir. Kaflann um þjónustu við fatlað fólk skrifaði Helga Baldvins- og Bjargardóttir og kaflann um hlut karla hjá Stígamótum skrifaði Hjálmar Gunnar Sigmarsson. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaða-greinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsriðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.....	3
Innra starf Stígamóta	4
Sjálfhjálparstarfið.....	8
Þjónusta við fólk með fatlanir	10
Karlar og kynferðisofbeldi	11
Pólitískt samfélagsstarf	12
Alþjóðastarf	18
Tölulegar upplýsingar	23
Um klám og vændi	26
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður.....	27
Um ofbeldisverkin	31
Kynjamunur	37
Kærð mál.....	44
Fordómar og staðalímyndir	45
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	47
Kyn ofbeldismanna og kyn brotaþola	49
Aðstandendur	49

STOFNUN OG HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR AÐ STARFI STÍGAMÓTA

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbóðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfbóðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfbóðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvannahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.



dr. Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

INNRA STARF STÍGAMÓTA



Starfhópur Stígamóta árið 2014. Anna Þóra Kristinsdóttir, Hjálmar Gunnar Sigmarrson, Halldóra Halldórsdóttir, Björg G. Gísladóttir, Anna Benfína Hermansen, Helga Baldvins- og Bjargadóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Erla Björg Kristjánsdóttir og Þóra Björt Sveinsdóttir

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að

gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem leitar sér hjálpar hjá Stígamótum séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en þau sem því hafa verið beitt. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsfólks og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspeglar þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.



Sólveig Rós Másdóttir og Uglya Stefanía Jónsdóttir frá Samtökunum 78

Skipulag, starfshópur og leiðbeinendur

Stígamót eru óformleg grasrótahreyfing og starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggi á reynslu þeirra sem þangað koma, jafnframt er sóst eftir að starfsfólk hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Ábyrgð í daglegu starfi deilir starfshópurinn jafnt en þó hefur verkaskipting aukist á síðustu árum.

Starfshópur Stígamóta hefur aldrei verið stærri en árið 2014, enda var þjónustan aukin og bætt frá því sem áður hefur verið. Starfsfólk á árinu voru: Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur, Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur, Björg G. Gísladóttir rithöfundur og bókmenntafræðingur, Erla Björg Kristjánsdóttir félagsráðgjafi, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, Halldóra Halldórsdóttir myndmeðferðarfræðingur og gjaldkeri Stígamóta, Helga Baldvins- og Bjargardóttir lögfræðingur og þroskaþjálfari, en hún hóf störf 1. mars, Hjálmar Gunnar Sigmarsson kynjafræðingur, en hann hóf störf 1. ágúst, Þóra Björt Sveinsdóttir, MA í uppeldis- og menntunarfræði og náms- og starfsráðgjafi og Þórunn Þórarinsdóttir kennari. Guðný Halldórsdóttir MA í félags- og afbrotufræði, lét af störfum í apríl. Henni er þakkað gott starf og óskað velfarnaðar.

Á árinu var starfsmannaráð sett á laggirnar og kosin var trúnaðarkona starfshópsins. Talskona Stígamóta tók að sér starfsmannastjórn, en í starfsmannaráði eiga jafnframt sæti trúnaðarkona og fulltrúi framkvæmdahóps.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar á starfshópurinn kost á einkahandleiðslu hjá handleiðara að eigin vali. Fleiri komu þó að starfi Stígamóta en fastráðið starfsfólk.

Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Fjáröflun í gegnum úthringingar fór fram mikinn hluta ársins og stýrði Þórdís Gunnarsdóttir því starfi. Stefanía Hrönn Guðrúnardóttir heldur utan um atriði tengd fjáröflun og skráningu á styrktaraðilum. Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur lögðu fram mikilvægt vinnuframlag en þeir voru á árinu: Anna Bentína Hermansen, Anna Björg Sigurðardóttir, Anna Þóra Kristinsdóttir, Ásgerður Jóhannsdóttir, Björg G. Gísladóttir, Björg Sveinbjörnsdóttir, Hildur Birna Gunnarsdóttir, Hjálmar Gunnar Sigmarsson, Sólveig Sigurðardóttir, Steinunn Jónsdóttir, Thelma Rut Kristinsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Halldóra Halldórsdóttir starfskona Stígamóta og myndmeðferðarfræðingur heimsótti flesta hópa og kynnti þeim myndmeðferð.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópunum, ásamt fulltrúum úr starfshópnum og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Þóra Björt Sveinsdóttir og Hildur Birna Gunnarsdóttir.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta komu frá ríkinu, Reykjavíkurborg, nokkrum bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagsamtökum og einstaklingum. Sótt var um framlög í ýmsa sjóði í nokkur sérverkefni og bar það nokkurn árangur.

Á milli Stígamóta og Velferðarsviðs Reykjavíkur hefur verið gerður þjónustusamningur. Auk þess fór fram fjáröflun með því að síma-kynnar buðu almenningi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum áskriftum. Við útgáfu ársskýrslu liggja ársreikningar fyrir.



Anna Bentína hleypur fyrir Stígamót

Velvilji og stuðningur tóku á sig ýmsar birtingarmyndir!

Umfang starfseminnar á Stígamótum væri aðeins svipur hjá sjón ef ekki kæmi til mikill velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum. Ómögulegt er að telja upp allt það sem varð starfseminni til góðs.

Fyrst ber að þakka almenningi. Mánaðarlegir styrktaraðilar hafa styrkt fjárhagslegan rekstrargrundvöll til muna. Slíkur stuðningur lýsir fólki með fallegar hugsanir og mikla samfélagslega ábyrgð. Sent var út fréttabréf til stuðningsfólks í lok ársins.

Starfsfólk Stígamóta leitaði fanga víða til þess að hægt væri að ráðast í skilgreind og þörf verkefni. Úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar fengust 350.000 kr. til þess að framleiða bækling um karlmenn og kynferðisofbeldi.

Frá Góða hirðinum fengust 750.000 kr. til þess að framleiða fræðsluefni fyrir ungt fólk um kynferðisofbeldi. Frá Reykjavíkurborg fengust svo 1.500.000 kr. til þess að framleiða fræðslu- og stuttmyndbönd um kynferðisofbeldi fyrir ungt fólk.

Árið 2013 réðust Pósturinn, Síminn og Græn framtíð í endurnýtingarverkefni á gömlum farsímum, sem fólst í því að fólk gaf gamla farsíma sem síðan voru yfirfarnir og endurgerðir og komið í verð aftur. Fyrir Stígamót söfnuðust 278.742 kr. fyrir 1497 símtæki.

Einhverra hluta vegna barst óumbeðinn styrkur frá Utanríkisráðherra upp á 250.000 kr. til þess að endurvekja þjónustu við fólk

á Norðurlandi vestra. Starfsfólk velti fyrir sér hvernig bregðast ætti við. Ákveðið var að styrkurinn yrði notaður í verkefni sem þegar hafði verið skilgreint á Suðurfjörðum Vesfjarða.

Samfrímúrarareglan gaf 500.000 kr. í Kristínarsjóð en sá sjóður hefur nýst til þess að styðja og styrkja konur á leið úr vændi og mansali.

Aðstandendur Kaffibarsins hafa á undanförunum árum stutt við starfsemina á ýmsa vegu. Karlakór Kaffibarsins Bartónar hélt tónleika sl. sumar og söfnuðust 70.000 kr. sem Stígamótum voru færðar.

Áhugafélag um málefni fatlaðra á Suðurnesjum lýsti ánægju með bættu þjónustu við fatlað fólk á Stígamótum. Árlegt skötuboð félagsins skilaði 100.000 kr. ágóða sem nýttur verður í starfseminna.

Þórey Vilhjálmisdóttir fyrrum aðstoðarkona Innanríkisráðherra gerði dómsátt við blaðamenn DV. Henni voru greiddar 330.000 kr. sem hún lét renna til Stígamóta. Þess má geta að Þórey var upphafskonan að V-dags samtökunum á Íslandi og á þeim tíma var hún í nánú samstarfi við Stígamót.

Stígamót tóku þátt í Reykjavíkumaraþoninu og hlauparar voru 20 talsins. Þær Anna Bentína Hermansen, Hildur Birna Gunnarsdóttir og Guðný Halldórsdóttir hlupu tíu kílómetra, en annað starfsfólk stóð á hliðarlínunni og hvatti hlauparana áfram. Í hlaupinu söfnuðust 341.000 kr.

Rebakkustúka Oddfellow á Egilsstöðum styrkti starfið fyrir austan með 80.000 kr. Þar er aðsókn alltaf meiri en hægt er að anna og var styrkurinn því nýttur til þess að lengja viðveru fyrir austan. Oddfellowar gáfu líka 50.000 kr. upp í greiðslu á túlkabjónustu.

Hjón í Reykjavík gáfu Stígamótum stóran flatskjá, hátalara og myndbands- og DVD tæki. Tækin voru sett upp í móttökunni og gera fyrirlestrahald þar miklu skemmtilegra, auk þess sem þar eru settar inn tilkynningar og upplýsingar til þeirra sem leita sér hjálpar.

Flutningar á Laugaveg 170

Þau tímamót urðu þann 1. mars að Stígamót fluttu úr gasstöðvarstjórúhúsinu við Hlemm í helmingi stærra húsnæði að Laugavegi 170, 2. hæð. Um var að ræða mun betri starfsaðstöðu þar sem allt starfsfólk fékk eigin skrifstofur og aðstaða fyrir hópleiðara og allt fólk okkar varð miklu betri. Mikilvægast er þó að nefna stórbætt aðgengi fyrir fatlað fólk. Á Laugaveginum er stór og góður fyrirlestrarsalur sem rúmar 50 manns og hefur hann verið óspart notaður í fræðslu- og pólitísku starfi. Í byrjun september sprakk rör að nóttu til sem olli miklum vatnsskemmdum. Rífa þurfti neðan af mörgum veggjum, skipta út gólfdukkum og ýmislegt fleira. Vegna þessa varð mikil röskun á starfseminni í tvo mánuði. Ekki var þó mögulegt að flytja starfsemina annað og því lögðust allir á eitt að gera eins gott úr ástandinu og mögulegt var.

Listasýning í húsnæði Stígamóta

Á Stígamótum hefur verið lögð áhersla á að gera umhverfið fallegt og heimilislegt. Ein leið til þess hefur verið að halda listasýningar í vistarverunum. Sýningar hafa verið haldnar síðastliðin

tíu ár og hafa þær staðið yfir í ár í senn. Alltaf hefur listafólk tekið óskum okkar um sýningarhald vel. Á árinu sýndu á Laugaveginum þær Sara og Svanhildur Vilbergsdætur sameiginleg verk sín sem eru stór og lítrík, en auk þeirra sýndi Kristín Gunnlaugsdóttir tvö útsaumud feminísk listaverk.

Endurmenntun starfsfólks, fræðsla og huggulegheit

Að venju varði starfshópurinn tveimur dögum til þess að rýna í forgangsroðun, verkaskiptingu og framkvæmdaáætlun ársins.

Haldin var árshátíð í febrúar og sumarhátíð með öllum þeim sem að starfsemi komu, hópaleiðurum, símasölufólki, framkvæmda- hópi og starfshópi. Að þessu sinni var líka haldin jólahátíð rétt fyrir jólin.

Leitast var við að viðhalda og auka þekkingu starfshópsins. Starfsfólk sótti eftir bestu getu ráðstefnur, fundi og námskeið tengd starfsemi Stígamóta.

Sigtryggur Jónsson sálfræðingur var fenginn til þess að halda námskeið í samskiptatækni og virkri hlustun, en það eru bráð- nauðsynleg verkfæri í ráðgjafarvinnu. Miklar umræður fylgdu með og fólk mátaði starfsemi Stígamóta inn í hefðbundin viðtals- form.

Kerstin Kristensen sérfræðingur í fötlunarfræðum var fengin frá Svíþjóð til þess að koma okkur af stað með þjónustu við fatlað fólk. Starfshópurinn átti með henni lokaðan fund sem stóð í hálfan dag til þess að spyrja um allt milli himins og jarðar og viðra vangaveltur um málefnið.

Þær Sólveig Rós Másdóttir og Uglya Stefanía Jónsdóttir, fræðslu- stýra Samtakanna 78, fræddu starfshópinn um „Hinsegin fólk“ og gerðu það ljóst að heimurinn er fjölbreyttari en svo að hægt sé að skipta fólki upp í homma, lesbíur og gagnkynhneigða.

Sjöfn Everts dóttir sálfræðingur hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni fræddi starfshópinn um áfallastreitu.

Sannleikssjóður Stígamóta

Sannleikssjóðurinn var stofnaður í lok árs 2013. Sem betur fer var ekki nauðsynlegt að nota sjóðinn á árinu.

Á Íslandi er okkur sagt að við búum í paradís kynjajafnréttis. Í fimm ár hefur jafnrétti á Íslandi mælst mest í heiminum. Þrátt fyrir það viðgengst að ein af hverjum þremur konum er beitt ofbeldi. Nauðgunardómar hafa lengst af verið teljandi á fingrum einnar konu á hverju ári og til viðbótar höfum við dæmi um að konur og karlar hafi verið miskunnarlaust kærð fyrir að skýra frá ofbeldinu. Stígamótum barst bréf árið 2013 og með því fylgdu 100.000 kr. frá konu sem kys að láta ekki nafns síns getið. Hún sagði:

«Ég er fulltrúi fjöldans, fjölda sem ekki sættir sig við að dómstól- um sé beitt í hvítþvotti karla sem hata konur. Ég er fulltrúi þeirra sem er bæði ljúft og skylt að láta fé af hendi rakna til þess að standa vörð um kynfrelsi kvenna, frelsinu til að greina frá reynslu sinni og afleiðingum ofbeldis.»

Til viðbótar má geta þess að tvær aðrar konur afhentu Stígamót- um fjármuni sem þær vildu að rynnna í Sannleikssjóðinn. Það voru þær Sigrún Bragadóttir og Guðný Rós Vilhjálmadóttir. Stofnfé Sannleikssjóðsins er 183.000 kr. og bankaupplýsingar eru: 0101-15-383583, kennitala Stígamóta er 620190-1449.

Formleg opnun á Laugavegi 170 og ársskýrsla kynnt

Þann 4. apríl var ársskýrslan kynnt á blaðamannafundi og í eftirmiðdaginn var húsið opnað fyrir velunnurum og almenningi. Að venju var þátttakan mikil, samstarfsaðilar, Stígamótafólk og almenningur fögnuðu bættri starfsaðstöðu. Margrét Arnardóttir harmonikkuspilari tók á móti gestum með ljúfum tónum.



Hlauparar hvattir

SJÁLFSHJÁLPARSTARFIÐ

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf, netspjall og símaþjónusta

Stuðningur Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfsfólk Stígamóta veitir fyrst og fremst persónulega ráðgjöf í formi viðtala.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beitt. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma.

Með fjölgun í starfshópnum var hægt að bregðast við veikasta þætti þjónustunnar, símsvörun. Nú er alltaf starfskraftur á síma-vakt frá kl. 10:00 – 16:00. Að auki var tekin í notkun ný heimasíða á árinu www.stigamot.is og á henni er boðið upp á netspjall frá kl. 10:00 – 16:00.

Leitast hefur verið við að koma til móts við fólk sem einhverra hluta vegna kemst ekki á Stígamót. Þannig fóru starfsfólk heim til fatlaðs fólks og í heimsókn á geðdeildir auk þess sem Stígamót buðu upp á viðtöl á Egilsstöðum hálfsmánaðarlega. Öll þjónusta við fólk vegna ofbeldis er ókeypis.

12 sjálfshjálparhópar voru starfræktir á árinu

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi. Í þessum hópum koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga ofbeldisins. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefling. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Hópstarfið var öflugt á árinu, en alls voru starfræktir 12 sjálfshjálparhópar. Þar af voru tveir hópar á Egilsstöðum, einn karlahópur og einn svokallaður Svanahópur sem er sérsníðinn fyrir konur sem hafa verið í vændi.

Hið árlega leiðbeinendanámskeið var haldið dagana 27. - 28. september og sóttu það fjórtán konur auk starfshópsins. Að auki voru haldnir mánaðarlegir leiðbeinendafundir þar sem leiðbeinendur gátu sótt styrk og leiðsögn.



Unnið með mörk á leiðbeinendanámskeiði

Um Svanahópinn

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur ásamt fleiri Stígamótakönnum starfrækti svokallaða Svanahópa hjá Stígamótum. Svanahópurinn er hópur fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hópurinn var byggður upp að danskri fyrirmynd en samskonar hópar eru starfandi í Danmörku og í Noregi.

Aðal markmiðið með hópnum var að styrkja sjálfstraust og vinna úr þeim afleiðingum sem vændi getur haft í för með sér. Bæði leiðbeinendur og þátttakendur voru einstaklega ánægðir með árangurinn.

Stígamót á Austurlandi

Stígamót hófu þjónustu við Austfirðinga árið 2007. Þjónustan var lögð niður eftir efnahagshrunið, en síðan tekin upp aftur um leið og mögulegt var. Viðtölin hafa farið fram á Egilsstöðum en það hefur hentað vel vegna staðsetningu flugvallarins og þess tíma og kostnaðar sem fylgir því að senda starfsmann austur.

Anna Bentína Hermansen ráðgjafi á Stígamótum hefur farið til Egilsstaða síðan í mars 2012 og hefur veitt viðtöl á fimmtudögum hálfmánaðarlega. Frá byrjun hefur verið fullbókað í alla viðtals-tíma og samkvæmt tölfræði okkar hafa 46 einstaklingar á Austurlandi leitað eftir þjónustu Stígamóta á þessum tveimur árum. Þar sem sífellt fleiri leita sér hjálpar hefur aukinni eftirspurn verið mætt með því að gefa fólki kost á að taka þátt í sjálfshjálparhópum. Í janúar 2014 var farið af stað með einn sjálfshjálparhóp með hefðbundnu sniði þar sem 5 manneskjur hittust ásamt ráðgjafa. Um haustið 2014 var sjálfstyrkingarhópur settur á laggirnar og var hann fullsetinn.

Aðsóknin var áfram það mikil að viðvera ráðgjafa var aukin og boðið upp á viðtöl í tvo daga í einu á Austfjörðum. Með þessu móti var hægt að sinna öllu því fólki sem sóttist eftir viðtali á Austurlandi. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa verið í samstarfi við Stígamót og hafa staðið straum af ferðakostnaði vegna þjónustunnar.

Undirbúningur hafinn fyrir þjónustu á

Suðurfjörðum Vestfjarða

Á haustmánuðum náðist samkomulag við sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp um samstarf sem fælist í því að Stígamót sendu reglulega ráðgjafa á staðinn. Þórunn Þórarinsdóttir gamalreynndur ráðgjafi tók að sér verkið. Þjónustan var kynnt rækilega á netinu, með tölvupóstum, í Bæjarins besta blaðinu og sendar voru tilkynningar í öll hús. Fresta þurfti ferð vestur vegna veðurs, en þann 1. desember héldu Þórunn og Guðrún talskona Stígamóta vestur og héldu lokaða fundi með fagfólki og opinn fund með almenningi. Ákveðið var að þjónustan hæfist í janúar 2015.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klám-iðnaði sé ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er.

Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þessa einstaklinga velkomna til okkar. Þar að auki var boðið upp á þátttöku í sérniðnum sjálfs-hjálparhópi.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn sem þeim tengjast hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er ávallt veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Þegar mál eru þekkt hjá barnavernd og foreldrum eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.



Bíókvöld á Stígamótum



Heiðurskonur á Stígamótum

ÞJÓNUSTA VIÐ FÓLK MEÐ FATLANIR



Helga Baldvins - og Bjargardóttir, Kerstin Kristensen og Embla Guðrúnar - og Ágústsdóttir

Á Stígamótum er það vel þekkt að fatlað fólk og þá sérstaklega fatlaðar konur verða fyrir meira ofbeldi en aðrir samkvæmt innlendum og erlendum rannsóknum. Þrátt fyrir að fatlað fólk hafi alltaf verið hluti af þeim sem leita sér aðstoðar hjá Stígamótum þá er hlutfall fatlaðs fólks enn mjög lágt miðað við aðra brotþola sem leitað hafa hjálpar. Ákveðið var að ráða bót á þessu og var ráðinn starfskraftur með sérþekkingu á mannréttindum og stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu. Helga Baldvins- og Bjargardóttir, lögfræðingur og þroskaþjálfari sem einnig hefur lagt stund á meistaranám í fötlunarfræðum var ráðin í byrjun mars 2014. Á sama tíma var starfsemi Stígamóta flutt í mun stærra og aðgengilegra húsnæði.

Helgu er ætlað að sinna ráðgjöf við fatlað fólk ásamt því að ástunda fræðslu og stuðla að vitundarvakningu um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Hún hefur frá upphafi lagt áherslu á að vinna í nánú samstarfi og samráði við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess.

Í maí var Kerstin Kristensen frá Svíþjóð boðið til landsins en hún hefur mikla reynslu af því að vinna með fatlaða þolendur ofbeldis. Hún hélt lokaðan vinnufund með starfsfólki Stígamóta og svo opinn fyrirlestur fyrir almenning um ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Þá var fötluðu baráttufólki boðið til Stígamóta ásamt fulltrúum helstu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks til að fara yfir þjónustuhlutverk Stígamóta gagnvart fötluðum brotþolum og haldinn var hugarflugsfundur um hvernig best væri hægt að ná til þessa hóps.

Kerstin og samstarfskona hennar Karin Torgny hafa útbúið bækling með myndum sem auðveldar fötluðu fólki, sem á erfitt með að tjá sig, að tala um erfiða reynslu á borð við kynferðisofbeldi. Stígamót fengu leyfi til að þýða þennan bækling á íslensku og setja hann á heimasíðuna. Þá hefur einnig verið sett inn efni á heimasíðuna fyrir fatlað fólk á auðskildu máli og á aðgengilegan hátt.

Helga hefur verið öflug í fræðslu og tók m.a. þátt í starfsdegi réttindagæslumanna fatlaðs fólks þar sem fjallað var um samstarf sem fylgdi er í gagnkvæmum tilvísunum á milli réttindagæslumanna og Stígamóta, til þess að fatlað fólk fái sem mestan stuðning.

Þá hefur hún haldið erindi fyrir starfsfólk Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs, starfsfólk á Suðurlandi og starfsfólk sem vinnur í þjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, í Kópavogi, á Álftanesi, í Mosfellsbæ og í Hafnafirði. Helga hefur þar að auki komið inn í kennslu hjá þroskaþjálfanemum og nemendum í fötlunarfræðum og verið með kynningu á starfinu fyrir starfsfólk þekkingarmiðstöðvar Sjálfshjargar.

Helga hefur setið sem fulltrúi Stígamóta í bakhópi fyrir Evrópuverkefni sem varðar rannsókn á ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Haldnir hafa verið nokkrir fundir af því tilefni. Rannsóknarniðurstöður voru kynntar á lokuðum samráðsfundi fatlaðra kvenna 17. maí þar sem Helga var með erindi um fatlað fólk og kynferðisofbeldi og hvert hægt væri að leita eftir aðstoð.

Í október var ráðstefna Nordiske kvinner mot vold í Kaupmannahöfn og þar voru Helga og Hjálmar með vinnustofu um nýja og bættu þjónustu Stígamóta til að ná betur til fatlaðs fólks og karlkyns brotþola kynferðisofbeldis.

Þá var Helga með erindi á lokaðri ráðstefnu í nóvember með fulltrúum réttarkerfisins og félagsþjónustunnar varðandi aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu.

Í sama mánuði, í tengslum við 16 daga átakið gegn kynferðisofbeldi, var haldið bíókvöld þar sem sýndar voru stuttmyndir um ofbeldi gagnvart fötluðum konum með umræðum á eftir.

Þann 3. desember 2014 voru Stígamót þess heiðurs aðnjótandi að taka við Múrbrjót Landssamtakanna Þroskahjálpar fyrir að hafa aukið aðgengi sitt og ráðið sérhæfðan starfskraft til að sinna betur fötluðu fólki.

KARLAR OG KYNFERÐIS-OFBELDI



Af morgunverðarfundinum Stígamót og strákarnir

Að vinna með körlum

Í gegnum árin hefur reglulega komið upp sú umræða hvort ráða ætti karlmann til starfa á Stígamótum. Eftir stormasamt starfsár 2013 var ljóst að tími væri kominn til að taka það skref. Markmiðið með því að ráða karlmann til starfa á Stígamót væri að efla og gera þjónustu Stígamóta sýnilegri fyrir karlkyns brotaþola auk þess að þróa fræðslustarf sem myndi beinast að hlutverki og ábyrgð karlmanna í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, og þá sérstaklega kynferðisofbeldi gegn konum.

Í byrjun ágúst hóf Hjálmar Gunnar Sigmarsson, kynja- og mannfræðingur störf á Stígamótum. Hjálmar hefur unnið að jafnréttismálum á hinum ýmsu sviðum undanfarin 10 ár, þar á meðal með Nei-átaki Feministafélags Íslands, einnig hjá Jafnréttisstofu og UNIFEM í Bosníu og Hersegóvínu. Í október varði hann MA ritgerð sína í kynjafræði þar sem hann skoðaði reynslu ungra karl femínista á Íslandi. Starf Hjálmars á Stígamótum er tvíþætt, annars vegar tekur hann á mótí körlum og konum í viðtöl, og er leiðbeinandi í sjálfshjálparhópum fyrir karla og hins vegar hefur hann það hlutverk að þróa fræðslu um karlmenn og kynferðisofbeldi.



Karlar ræða kynferðisofbeldi

Eins og sýndi sig í tengslum við eitt stærsta kynferðisbrotamál sem uppgötvast hefur, hið svokallaða Karl Vignis mál árið 2013, þá er fjölmiðlaumfjöllun mjög mikilvæg til þess að auka meðvitund í samfélaginu. Hún þjónar einnig því mikilvægu hlutverki að ná til þeirra einstaklinga sem hafa aldrei leitað sér hjálpar vegna kynferðisofbeldis. Það er reynsla okkar á Stígamótum að þessi skref virðast vera enn þyngri fyrir suma karlkyns brotaþola og mikilvægt er að uppræta neikvæðar og skaðlegar staðalmyndir sem tengjast karlmennsku, kynlífi, kynhegðun og stöðu karlmanna sem

þolendur kynferðisofbeldis. Þess vegna var lögð mikil áhersla á að vekja athygli á þessari þjónustu, þar á meðal í fræðslukynningum, fyrirlestrum og í fjölmiðlum. Í þeim tilgangi fór Hjálmar t.d. í viðtöl hjá nokkrum fréttamiðlum landsins. Annar liður í því að þróa og bæta þjónustuna á Stígamótum er að læra af þeim karlmönnum sem sótt hafa þjónustuna í gegnum árin. Í nóvember var í fyrsta skipti haldið opið hús fyrir þá, undir yfirskriftinni "Strákarnir á Stígó". Þannig var búinn til vettvangur fyrir umræður, fræðslu og skoðanaskipti. Einnig hefur Hjálmar safnað saman upplýsingum og fróðleik um starf með karlkyns brotaþolum erlendis og unnið að því að koma á samstarfi við erlend samtök.

Á Stígamótum hefur í gegnum árin verið lögð áhersla á aukna forvarnarfræðslu um kynferðisofbeldi fyrir unga karlmenn. Mikilvægt er að efla þátttöku ungra karlmanna í umræðunni gegn kynferðisofbeldi. Karlmenn geta verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ og ýmsum afleiðingum þeirrar menningu. Í erindi sem Hjálmar flutti um MA rannsókn sína á morgunverðarfundum Stígamóta í desember kom fram að aukinn áhugi er meðal ungra karlmanna um jafnréttismál og feminisma. Viðmælendur Hjálmars bentu á að nú væru til staðar tækifæri til þess að virkja stærri hóp karlmanna í því að skapa menningu sem vinnur markvisst gegn kynferðisofbeldi. Með aukinni þekkingu og umræðu á félagslegum ástæðum ofbeldismenningar má efla forvarnir gegn ofbeldi í nánnum samböndum og öðrum tegundum ofbeldis. Auka þarf fræðslu fyrir drengi meðal annars um: samskipti og samþykki í nánnum samböndum, jákvæðar fyrirmyndir, hvernig hægt er að vinna gegn kynferðisofbeldi og áreiti, auk þess að fræða unga karlmenn um kynlíf, áhrif kláms, klámvæðingar og vændis.

Framundan er mikið og spennandi starf, en nú þegar er búið að safna styrkjum til að búa til nýtt fræðsluefni sem höfðar til ungs fólks og unnið er út frá þeirri forsendu að ungt fólk er ekki einhleitur hópur. Fræðsluverkefnið verður þess vegna unnið í nánnum samstarfi við viðeigandi félagasamtök og fagaðila.

Opið hús fyrir Strákana á Stígó

Körlum sem hafa nýtt þjónustuna í gegnum árin, var boðið í kaffi og góðgæti í nýju húsnæði Stígamóta. Var þetta hugsað sem tækifæri til þess að gefa okkar körlum möguleika á að hittast og ræða hin og þessi mál sem snerta starfsemi Stígamóta. Það er mikilvægt fyrir starfsemi Stígamóta að hún endurspeglir reynslu og þarfir okkar fólks. Ákveðið var að halda áfram með að móta þetta form á árinu 2015.

PÓLÍTÍSKT SAMFÉLAGSSTARF

MARKMIÐ STÍGAMÓTA Hafa frá upphafi verið tvíþætt. Annars vegar að bjóða upp á þjónustu við fólk sem beitt hefur verið ofbeldi og hins vegar að gera það sem hægt er til að stöðva ofbeldi, auka fræðslu, bæta lagaumhverfi og auka úrræði fyrir brotþola.

Eftirmiðdagskaffi með innanríkis- og félagsmálaráðherrum

Ein af þeim leiðum sem Stígamót eru hvað ánægðust með til þess að koma á framfæri pólitískum sjónarmiðum og til þess að hafa áhrif, er að bjóða þeim valdhöfum heim sem hafa völd og möguleika til þess að vinna með okkur. Vegna lokunnar Kristínarhúss hafði starfshópurinn áhyggjur af þeirri þjónustu sem mansalskonum stæði til boða. Ýmislegt annað er ógert í málaflokknum og því höfðu Hanna Birna Kristjánsdóttir þáverandi innanríkisráðherra og Eygló Harðardóttir félags- og jafnréttisráðherra verið heimsóttar áður. Ráðherrarnir stungu sjálfar upp á því að heim-sækja Stígamót saman og það varð úr þann 13. febrúar.

Stígamót kynntu pólitískar áherslur. Áherslan var á að aðgerðaáætlun um mansal væri fylgt eftir, rætt um alvarleika umsáturs og áreitni. Rætt var um að ekki aðeins ríkisstjórnin heldur allar stofnanir samfélagsins ættu að hafa aðgerðaáætlun í ofbeldismálum. Skorað var á ráðherra að láta fullgilda Istanbúlsáttmála Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum, en sáttmálinn er eitt besta verkfæri sem við höfum til þess að bregðast við ofbeldi. Til þess að það sé hægt þarf m.a. að breyta lagaákvæði um nauðgun þannig að það miðist við skort á samþykki en ekki ofbeldi og hótanir. Að lokum var bent á hvernig fjarað hefði undan þeirri fyrirmyndarþjónustu sem upphaflega var boðið upp á hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgana og skorað á ráðherra að taka þátt í að bæta hana. Miklar og góðar umræður sköpuðust og þegar má greina áhrifa fundarins.

Eftirmiðdagskaffi með þingmönnum og borgarfulltrúum

Í lok ágúst var ákveðið að bjóða heim þingmönnum og borgarfulltrúum. Tímasetningin var góð, rétt áður en þingið yrði sett, á þeim tíma sem þingmenn hefðu enn svigrúm til þess að skrifa þingmál og leggja línurnar. Fundurinn var mjög vel sóttur og full-



Ráðherrarnir Hanna Birna Kristjánsdóttir og Eygló Harðardóttir í eftirmiðdagskaffi á Stígamótum

trúar allra flokka mættu til spjalls og ráðagerða. Fundarefnið var hliðstætt því sem rætt hafði verið áður við ráðherrana.

Bent var á hvernig flokksgirðingar hafa oft komið í veg fyrir að samstaða næðist um framfarir í meðferð ofbeldismála. Vitnað var í Almedalsfundi sænskra stjórnálamanna með grasrótinni, kvennapólitískt stórþing í Noregi og fleiri leiðir til þess að efla frjáa lýðræðislega umræðu og bæta aðgengi fólks að valdamönnum.

Að auki höfðu orðið breytingar á Velferðarsviði og í yfirstjórn lögreglu og hjá báðum þessum stofnunum voru gefin fyrirheit um að meðferð ofbeldismála yrði sett í forgang. Brýnt var fyrir stjórn-málafólki að fylgja fyrirheitunum eftir.



Viðurkenningarhafar Stígamóta árið 2014

Eftirmiðdagskaffi með þáverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu

Í gegnum starfstíð Stefáns Eiríkssonar þáverandi lögreglustjóra, myndaðist gott samstarf á milli Stígamóta og lögreglu. Stefáni hafði verið boðið í eftirmiðdagskaffi þegar hann tók við embættinu. Eftir það hafa samskipti verið regluleg, líka árið 2014.

Jafnréttisráð hélt jólafund sinn á Stígamótum

Stígamót eiga ásamt Kvennaathvarfinu fulltrúa í Jafnréttisráði. Skipst er á milli ára að manna þennan póst. Í ár sat talskona Stígamóta jafnréttisráðsfundi. Ákveðið var að halda jólafundinn á Stígamótum og má segja að það hafi verið ígildi eftirmiðdagskaffis.

Stígamót kynntu starfsemina og pólitískar áherslur, en jafnframt voru þær Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á höfuð-



Jafnréttisráð og Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á Stígamótum

borgarsvæðinu og Alda Hrönn Jóhannsdóttir aðstoðarlögreglustjóri boðnar á fund Jafnréttisráðs til þess að kynna áherslur sínar í meðferð ofbeldismála, en eins og kunnugt er höfðu þær innleitt nýjar og árangursríkar leiðir í baráttunni við ofbeldi á Suðurnesjunum.

Rannsóknarvinna

Stígamót tóku þátt í samanburðarrannsókn á kynferðisofbeldi sem framkvæmd var af Spánverjum, en er ætlað að bera saman vinnuna á Spáni, í Noregi og á Íslandi. Doktorsnemi í sálfræði tók viðtöl við starfskonur vegna rannsóknarvinnu og hópur nema úr HR leitaði líka upplýsinga í rannsóknarvinnu.

Stór hópur fólks nýtir sér þjónustu Stígamóta á hverju ári og er tölfraeðigögnum safnað í gegnum komuskýrslur sem að sjálfsögðu er ekki hægt að rekja til þeirra sem fylla þær út. Það hefur alltaf verið kappsmál að gögnin nýtist til aukins skilnings á ofbeldi. Stígamótafólk hefur líka verið viljugt til þess að svara rannsóknarspurningum og þótt gefandi að geta orðið að liði við að efla þekkingu.

Á árinu fengu tvær konur aðgang að tölfraeðigögnum Stígamóta til þess að vinna úr þeim nýjar upplýsingar. Það voru þær Margrét Valdemarsdóttir sem er í doktorsnámi í New York og Særún Ómarsdóttir sem vann meistaraverkefnið sitt í félagsráðgjöf upp úr tölfraeðigögnum.

Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda

Í meistararitgerð Særúnar Ómarsdóttur sem unnin var úr tölfraeðigögnum Stígamóta frá árunum 2011 – 2013 kom í ljós að því grófara sem ofbeldið var, því alvarlegri voru afleiðingarnar. Ef brotaþolar þekktu ofbeldismennina leiddi það til alvarlegri andlegra afleiðinga. Ef ofbeldið stóð yfir í lengri tíma, hafði það

alvarlegri afleiðingar en ella. Þegar ofbeldið var framið á fólki fyrir 18 ára aldur var algengara að fólk greindi frá erfiðleikum í tengslum við maka og vini og hjá þeim hópi voru sjálfsvígshugleiðingar algengari en hjá þeim sem voru eldri þegar ofbeldið byrjaði.

Hér fer á eftir úrdráttur úr meistaraverkefni Særúnar Ómarsdóttur sem finna má á Skemmunni: <http://skemman.is/item/view/1946-/20075;jsessionid=95EDB65043DC2F44DF6793CF3D0EE5C5>

Stígamót og strákarnir - Hlutverk karlanna í baráttunni gegn kynferðisofbeldi

Hjálmar Gunnar Sigmarsson starfsmaður Stígamóta hélt morgunverðarfund í tengslum við 16 daga áttak gegn ofbeldi til þess að vekja athygli á meistaraverkefni sínu og þjónustu Stígamóta við karla sem beittir hafa verið ofbeldi.

Á þessum fundi var tekið fyrir hlutverk karlanna í baráttunni gegn ofbeldi. Hjálmar Gunnar Sigmarsson kynnti niðurstöður úr nýlegri MA rannsókn sinni í kynjafræði, þar sem hann skoðaði reynslu ungra íslenskra karl femínista líkt og áður hefur komið fram. Í rannsókninni lögðu viðmælendur Hjálmars meðal annars áherslu á mikilvægi umræðunnar um kynferðisofbeldi gegn konum. Að lokum fóru fram pallborðsumræður um áherslur, tækifæri, aðferðir og hættur þegar verið er að virkja karlmenn á þessum vettvangi. Pallborðið skipuðu þau dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við HÍ, Þordís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur og Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi HÍ. Fundurinn var mjög vel sóttur og salurinn rúmgóði troðfylltist.

Fræðsla, fyrirlestrar og heimsóknir

Alla tíð hafa fræðsla og forvarnir verið mikilvægir þættir í starfsemi og þannig var það líka á síðasta ári.

Rúmgóður fundarsalur á Stígamótum hefur gjörbreytt aðstöðu til fræðslu. Hægt er að taka á móti stórum hópum og salurinn var í mikilli notkun.

Má nefna tvo fræðsludaga með Kerstin Kristensen sem hélt bæði lokaða og opna fundi um fatlað fólk og kynferðisofbeldi líkt og áður hefur komið fram.

Heimsóknir voru margar og má nefna nemendur úr Fangavarðaskólanum og úr Tækniskólanum, nemendur úr Ráðgjafaskólanum, úr Fjölbrotarskólanum í Ármúla, úr Kvennaskólanum, nemendur af starfsbraut í Flensborg, nemendur úr Menntaskólanum í Kópavogi, Jafningjafræðsluna, atvinnulaus ungmenni í Hafnarfjarðarbæ og tvo hópa áhugasamra nemenda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Einnig komu margir nemendahópar í verkefnagerð. Má nefna fjórar stúlkur í félagsfræðihóp í MK sem unnu að ritgerð um ofbeldi. Þann 28. maí kom kvikmyndagerðamaður í viðtal til að fá upplýsingar um vændi, vegna stuttmynda sem hann var að vinna að. Fjórir meistaraneimar í félagsráðgjöf og sálfræði leituðu upplýsinga í janúar og það sama gerði doktorsnemi í félagsálfræði. Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna hefur árlega heimsótt Stígamót og fengið fyrirlestur um kvennabaráttu og starfsemina.

Eyrún Jónsdóttir verkefnastýra á Neyðarmóttöku vegna nauðgana kom í árlega heimsókn með hjúkrunarfræðinga og hjúkrunar-

nema til þess að kynna þjónustuna. Starfskonur Hjálparstarfs kirkjunnar heimsóttu líka Stígamót og ræddu samstarf og ofbeldismál í starfi þeirra.

Í undirbúningi á Íslandi fyrir Nordiskt Forum í Malmö bauð undirbúningsnefndin í móttöku og lánuðu Stígamót þeim salinn með mikilli ánægju.

Fræðslan fór fram víða

Stígamót héldu erindi víða, m.a. fyrir réttindagæslumenn fatlaðra og fyrir Zontakonur í Árborg. Björg G. Gísladóttir rithöfundur og ráðgjafi hjá Stígamótum vakti mikla athygli við útkomu bókar sinnar Hljóðin í nóttinni. Bókin vakti mikla og verðskuldaða athygli. MARK í HÍ bauð upp á umræður um barnavernd í kjölfar útgáfunnar og tóku þær Björg og Guðrún talskona Stígamóta þátt í þeirri umræðu.

Þær Þórunn og Guðrún fóru til Patreksfjarðar til að kynna þjónustu Stígamóta til þess að undirbúa ráðgjöf á staðnum. Haldinn var lokaður fundur með fagfólki á staðnum, en einnig opinn fundur fyrir almenning.

Guðrún fór tvisvar á Sólheima í Grímsnesi og hélt námskeið fyrir allt starfsfólk á staðnum um þjónustu við fatlað fólk. Helga fór víða með sína fræðslu en meira má lesa um hana í kaflanum um þjónustu við fatlað fólk.

Þær Helga og Guðrún heimsóttu félagsþjónustuna í Miðgarði og kynntu starf Stígamóta.

Tónleikar – Ferskir tónar á Stígamótum

Stígamót nýttu sér nýja möguleika sem sköpuðust við að ráða yfir góðum samkomusal. Boðið var upp á tónleika til að vekja athygli á 16 daga áttakinu og bjóða fólki til að kíkja á nýja húsnæðið á Laugaveginum. Fram komu: Börn, Hljómsveitt og Dj. Flugvél og geimskip. Tónleikarnir voru vel sóttir, húsnæðið fylltist og margir gestanna höfðu aldrei komið á Stígamót áður.



Dj. Flugvél og geimskip

Stuttmyndasýning um ofbeldi gagnvart fötluðum konum

Í tengslum við 16 daga áttak gegn ofbeldi stóð Helga Baldvins- og Bjargardóttir fyrir bíósýningu upp á gamla mátann með popp og kóki á Laugaveginum. Sýndar voru fimm sænskar stuttmyndir

„Det finns stunder“ sem fjalla um ólíkar tegundir ofbeldis sem fatlaðar konur með ólíkar skerðingar verða fyrir. Sýningartími var 30 mínútur og í lokin var boðið upp á umræður um efni myndanna.

Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Má nefna að Stígamót eiga ásamt Kvænnaathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Þetta árið sáu Stígamót um vaktina í ráðinu.

Þórunn Þórarinsdóttir var fulltrúi Stígamóta í bakhópi vegna rannsóknar á ofbeldi gegn fötludum og síðar tók Helga við.

Erla Björg Kristjánsdóttir er fulltrúi Stígamóta í nefnd sem hefur það hlutverk að skrifa aðgerðaáætlun um mótun fjölskyldustefnu fyrir Félagsmálaráðuneytið.

Í Sérfræði- og samhæfingarteymi gegn mansali áttu sæti fulltrúar þeirra stofnana og samtaka sem koma beint að mansalsmálum. Talskona Stígamóta og verkefnisstýra Kristínarhúss, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir sóttu þessa fundi. Teymið var lagt niður, en formlegur samstarfsvettvangur var búinn til í staðinn samkvæmt aðgerðaáætlun um mansal. Síðasti fundur var haldinn í ráðuneytinu þann 27. júní árið 2013 og hafa Stígamót ítrekað æ ofan í æ þörfina á áframhaldandi samstarfi.

Í mörg ár hefur Stígamótum boðist að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Til að byrja með var kostnaður greiddur en það breyttist eftir bankahrunið. Myndast hefur traust og góð samvinna við starfsfólk utanríkis- og velferðarráðuneyta. Fundað var með sendiherra hjá SP þegar talskona Stígamóta tók þátt í kvennanefndarfundum ársins.

Samstarf við fulltrúa ráðuneyta, borgarstofnanna og við pólitíska fulltrúa bæði í borgarstjórn og á Alþingi var gott og nauðsynlegt ef þoka á málum í rétta átt.

Stígamót áttu líka samstarf við einstaklinga og félagasamtök. Haldnir voru nokkrir samráðsfundir með Sólveigu Rós fyrir hönd Samþykkishópsins og í því starfi tók líka Femínistafélagið þátt og haldnir voru fundir með fulltrúum femínistafélaga framhaldsskólanna.

Fjölmiðlar

Fjölmiðlar eru mikilvægir samstarfsaðilar í vinnunni gegn kynferðisofbeldi. Á árinu áttu Stígamót í hefðbundnum samskiptum við fjölmiðla. Bæði ljósvakamiðla og dagblöð. Sérstaklega ber að nefna að ný og bætt þjónusta við fatlaða og áhersla á að komu karla að kynferðisofbeldi vöktu verðskuldaða athygli.

- Viðtal í DV, við Hjálmar og Helgu: „Vilja ná til jadarhópa kynferðisofbeldis“, 4. nóvember - <http://www.dv.is/frettir/2014/11/5/vilja-na-til-jadarhopa-kynferdisofbeldis/>
- Viðtal í Fréttatímanum, „Fyrsti karlmaðurinn hjá Stígamótum“, 14. nóvember - <http://www.frettatimin.is/frettir/fyrsti-karlmadurinn-hja-stigamotum/>

- Viðtal á mbl.is, 4. desember, „Karlmennt geta bætt skaðleg viðhorf til kynferðisofbeldis“ - <http://m.mbl.is/frettir/innlent/2014/12/04/er-feminismi-i-tisku/>
- Grein vegna 16 daga átaksins á visir.is, 3. desember „Hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi“ - <http://www.visir.is/hlutverk-karla-i-barattunni-gegn-kynferdisofbeldi/article/2014712039991>
- Stígamót og hlutverk sérstaks ráðgjafa fyrir fatlað fólk í Tímaritinu Proskahjálpi í desember 3. tbl. 2014 og svo Klifur málgagn Sjálfsbjargar LSF í desember 2014: http://www.sjalfsbjorg.is/wp-content/uploads/2014/12/KLIFUR_2014_leff.pdf http://issuu.com/sjalfsbjorg/docs/2014_klifur_25_arg_1_tbl
- Stofnanavætt ofbeldi gagnvart fötludum konum 25. nóvember 2014 í tengslum við 16 daga átakið <http://www.visir.is/stofnanavaett-ofbeldi-gagnvart-fotludum-konum/article/2014141129408>

Viðurkenningar Stígamóta árið 2014

Einn af hápunktum ársins á Stígamótum hvert ár er útdeiling á viðurkenningum fyrir framúrskarandi framlag til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi. Það var árið 2008 sem fyrstu viðurkenningarnar voru veittar og því var það sjöunda athöfnin sem boðað var til á Stígamótum þann 24. nóvember. Áður hafa verið veittar ýmis konar viðurkenningar. Réttlætisviðurkenningar, hugrekksviðurkenningar, alþjóðlegar viðurkenningar, samstöðuviðurkenningar, viðurkenningar til kvenna sem hafa ögrað viðteknum gildum, jafnréttisviðurkenningar og fleiri mætti nefna. Stígamót hafa tekið sér það frelsi að skilgreina hvað vel hefur verið gert og stundum



Þórunn Þórarinsdóttir veitir Björgu G. Gísladóttur viðurkenningu

hefur konum verið hampað sem unnið hafa þrekvirki, án þess að hafa komist í kastljós fjölmiðlanna. Viðurkenningar ársins 2014 voru veittar effirtöldum aðilum:

Druslugangan

Upphaflega druslugangan var gengin í Toronto og hefur verið gengin á Íslandi frá því árið 2011. Fyrsta árið gengu um 2.000 manns, en árið 2014 voru þátttakendur orðnir 12–15.000. Lögð hefur verið áhersla á að færa ábyrgð kynferðisglæpa frá brotaþolum yfir á ofbeldismenn. Einnig hefur athyglin beinst að kynferðisofbeldi gegn körlum, fötluðu fólki og konum af erlendum uppruna svo eitthvað sé nefnt.

Druslugangan er heillandi grasrótarkerfni sem hefur vakið verðskuldaða athygli í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Það hefur leitt til mikilvægrar vitundarvakningar og fyrir það ber að þakka.

Jóhannes Kr. Kristjánsson

Jóhannes Kr. hefur í mörg ár fjallað á vægðarlausan hátt um undirheima þessa lands. Hann veit að kynferðisofbeldi, vændi og mansal þrífast ekki í dagsljósinu. Hann hefur lagt mikið af mörkum til þess að uppræta það með því að upplýsa þjóðina. Umfjallanir hans hafa verið ítarlegar og vel unnar og hafa leitt til umræðu og vitundarvakningar. Jóhannes er einlægur baráttumaður fyrir réttlátum heimi og fyrir það vilja Stígamót heiðra hann.

Björg G. Gísladóttir

Björg hefur tengst starfsemi Stígamóta í meira en tuttugu ár, eða lengur en allir aðrir í starfshópnum. Hún er sannkölluð Stígamótakona sem hefur leitt hópa, verið vinsæll, hlýr og faglegur ráðgjafi, skemmtileg samstarfskona og tekið virkan þátt í hinni pólitísku baráttu. Fyrir það er full ástæða til þess að heiðra hana.

Bókin hennar Hljóðin í nóttinni sem út kom á árinu, gerði okkur enn stoltari af henni. Í bókinni lýsir hún af miklu hugrekki hugarheimi sínum sem barn sem bjó við margs konar ofbeldi, fátækt, drykkju og vanrækslu. Það sem er þó mikilvægast er að bókin er þroskasaga sem lýsir því hvernig, þrátt fyrir allt, er hægt að ná tókum á tilverunni og ná sátt og styrk til þess að njóta lífsins.

Steinar Bragi

Í bók sinni Kötur gefur Steinar Bragi lesendum sínum góða innsýn inn í tilfinningaheim og viðbrögð aðalpersónunnar Kötur eftir að hún kemst að því að dóttur hennar var hópnaðgað og hún drepin í kjölfarið. Kata er aðstandandi sem finnur hvergi eirð eða uppreisn æru í samfélagi þar sem nauðgunarmenning er talin frekar léttvæg.

Húmor, gagnanotkun og staðreyndum er fléttað saman á fimlegan hátt. Augljóst er að afleiðingar kynferðisofbeldis eru grafalvarlegar fyrir brotaþola, en alltof oft engar fyrir nauðgarana. Vanmátturinn, sorgin og réttlætiskennd móðurinnar Kötur skapar sterka þörf fyrir að afhafast. Tilfinning sem er svo algeng hjá okkar fólki á Stígamótum. Óþolið gagnvart óréttinum er sannfærandi og lætur lesandann aldrei í friði. Óskandi er að nógu margir fyllist nægilegu óþoli til þess að knýja fram samfélag án ofbeldis.

Tabú

Mannréttindabaráttu fatlaðs fólks hefur heldur betur bæst liðsauki með stofnun Tabú. Þær Embla Guðrúnar- og Ágústadóttir og Freyja Haraldsdóttir hafa með upplýstri umræðu lagt mikið af mörkum til þess að eyða fordómum og stuðla að vitundarvakningu um fjölbreytileika, fémínisma og ableisma. Það er ekki síst Tabú að þakka að á Stígamótum höfum við dýpkað skilning okkar á því fjölbreytta ofbeldi sem beitt er gegn fötluðu fólki. Megi samvinna okkar verða sem blómlegust.

Rótin

Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, hefur hafið löngu tímabæra umræðu um konur, fíkn, áföll og ofbeldi. Jafnframt hefur sjónum verið beint að sérstökum meðferðarúræðum fyrir konur.

Félagið hefur leitast við að koma á samstarfi milli stofnana, samtaka og annarra fagaðila sem fást við vímuefna meðferð, ofbeldi og úrvinnslu áfalla. Gífurlega mikilvægt verkefni sem vonandi mun ganga sem allra best.

Reykjavíkurdætur

Reykjavíkurdætur eru hreyfing kvenna sem hefur tekið sér gott pláss innan rapphreyfingarinnar. Þær skutust með látum inn í íslenskt tónlistarlíf og rappa um fémínisma, kynferðisofbeldi og kynjakerfið. Textar þeirra eru sterkir, ögrandi og hnitmiðaðir. Þær gagnrýna hið viðtekna og setja spurningarmerki við normið.

Á Stígamótum fögnum við tilkomu hreyfingarinnar og óskum Reykjavíkurdætrum alls hins besta.

Undirritun kvikmyndasamnings á milli Stóru systur og Shevu Carr á Stígamótum

Einn af stóratburðum ársins átti sér stað á Stígamótum þann 4. desember. Þá var undirritaður tvíþættur kvikmyndasamningur á milli Shevu Carr frá Bandaríkjunum fyrir hönd Fyera Foundation og Guðrúnar Jónsdóttur talskonu Stígamóta fyrir hönd Stóru systur, grasrótahreyfingarinnar sem réðst í aðgerðir til þess að finna þá vændiskaupendur sem engir aðrir leituðu að eða kærðu. Eins og sumum er í fersku minni gerðist það árið 2011 að 85 konur tóku sig saman um að kanna vændismarkaðinn og safna saman nöfnum vændiskaupenda. Þær afhentu lögreglunni 56 nöfn vændiskaupenda, 117 farsímanúmer og 26 nefföng. Haldinn var blaðamannafundur í lðnó þar sem systur settu fram sanggjarnar kröfur um það sem gera þyrfti ef Ísland ætlaði að framfylgja lögum um bann við vændiskaupum og skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum um varnir gegn mansali og vændi.

Hópurinn samanstóð af konum sem hvergi komu fram undir nafni, enda eitt af markmiðum aðgerðarinnar að fæla vændiskaupendur frá því að kaupa vændi. Kaupendur skyldu ekki fá að vita hverjar það væru sem fylgdust með þeim, það gætu allt eins verið eiginkonur þeirra eða dætur. Hópurinn var dæmi um ekta grasrótastarf og tengdist engum samtökum eða nafngreindum einstaklingum beint. Í ferlinu öllu áttu sér stað ýmsar ævintýrlegar upptákum sem ekki hefur verið sagt frá opinberlega á Íslandi.

Talskona Stígamóta sagði hins vegar frá aðgerðum Stóru systur í dagskrá tengdri Kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York árið 2013. Þar heillaðist einn áheyrandi Sheva Carr af sögunni og hefur síðan unnið hörðum höndum að því að semja við íslenska femínista um að fá að kvikmynda söguna og fá með sér fólk til verksins í Bandaríkjunum.

Það er ekkert leyndarmál að hugmyndir Stóru systur og Stígamóta um ofbeldið sem felst í vændiskaupum fara saman. Stígamót ráku árið 2011 á tímum Stóru systur, Kristínarhús, úrræði fyrir konur á leið úr vændi og mansali. Stígamótakonum ofbauð líka aðgerðaleyfi stjórnvalda og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gagnvart vændiskaupendum.

Samkomulag á milli Stóru systur og Stígamóta felur í sér að talskona Stígamóta er jafnframt talskona Stóru systur gagnvart kvikmyndaframleiðendum og ef ágóði verður af kvikmyndagerðinni mun hann renna óskiptur í starf Stígamóta gegn vændi og mansali. Sheva Carr hefur þrjú ár til þess að framleiða leikna kvikmynd um aðgerðir Stóru systur og jafnframt til þess að gera heimildamynd um aðgerðirnar.

Þess ber að geta að Tómas Þorvaldsson lögmaður aðstoðaði Stóru systur og Stígamót við samningagerðina án endurgjalds, en hann er reyndasti sérfræðingur í samningagerð í skemmtana- iðnaðinum á Íslandi. Fyrir það á hann skilið bestu þakkir. Við undirritun samningsins var blásið til móttöku fyrir aðstandendur aðgerðanna árið 2011.

ALÞJÓÐASTARF

STÍGAMÓT ERU VIRKIR ÞÁTTAKENDUR Í NORRÆNUM, EVRÓPSKUM OG ALÞJÓÐLEGUM SAMTÖKUM. ÞVÍ FYLGIR BÆÐI VINNA, EN FYRST OG FREMST SÚ GÓÐA TILFINNING AÐ VIÐ FYLGJUMST MEÐ ÞEIM STEFNUM OG STRAUMUM SEM ERU Í GANGI, SÉUM UPPLÝST UM STÖÐU MÁLA OG LEGGJUM OKKAR AÐ MÖRKUM TIL ÞESS AÐ BÆTA HEIMINN.

Jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna

Það hefur verið einkennandi fyrir síðustu tvö ár að viðamikil jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna eru komin í gang. Noregur hefur varið háum fjárhæðum í jafnréttisstarf í nýju Evrópusambandsríkjunum í Austur Evrópu en einnig í Portúgal og á Spáni. Formlega er Ísland aðili að samstarfinu, en fyrst og síðast er um að ræða norskt fjármagn.

Þau samtök sem sækja um fjármagn í sjóðinn eiga meiri möguleika ef þau vinna í samstarfi við norsk eða íslensk samtök. Þess vegna hefur okkur á Stígamótum borist ótal tilboð um samstarf víðs vegar um Evrópu. Langflestum hefur verið hafnað vegna þeirrar gífurlegu vinnu sem þátttakan myndi kosta starfshópinn. En þó hefur ýmsu verið sinnt.

Tvö samvinnuverkefni í Rúmeníu

Stígamót hafa undanfarið ár tekið þátt í tveimur jafnréttisverkefnum með A.L.E.G. sem eru systursamtök okkar í Sibiu í Rúmeníu. Verkefnin eru kostuð af Þróunarsjóði EFTA og norsku sjóðunum.

Annað verkefnið heitir „**Rjúfum þögnina**“ og er þríþætt. Í fyrsta lagi felst það í að skipuleggja og virkja kvennasamtök í Rúmeníu innan málaflokksins, setja nafn á vandann og bregðast við þeim. Í öðru lagi er hugmyndin að samtökin standi fyrir mánaðarlegum viðburðum, haldin verði tengslafundur þar sem hugmyndafræðin og aðferðir verði til umræðu og þar komi til íslensk reynsla og þekking. Í þriðja lagi er lagt til að búinn verði til þekkingarbanki eða gagnagrunnur til gagns fyrir þátttakendur og jafnframt fyrir almenning.

Hitt verkefnið er stærra og kallast „**Líkami minn tilheyrir mér**“. Það fjallar um kynferðisofbeldi gegn ungu fólki, vitundarvakningu og að skapa aðstæður fyrir brotaþola til þess að vinna úr reynslu sinni.

Hugmyndin er að byggja á yfir tuttugu og fimm ára reynslu Stígamóta, sjálfshjálparhugmyndafræðinni og sjálfshjálparhópunum. Í Rúmeníu er kynferðisofbeldi mun meira tabú en á Íslandi og verkefnið því nýmæli þar í landi. Samstarfskonur okkar hafa áhyggjur af því að sé kynferðisofbeldi ekki rætt og á dagskrá, auki það



Vinnufundur A.L.E.G og Stígamóta í Sibiu í Rúmeníu

líkur á að lítið verði gert úr vandanum og að ofbeldismenn fái vægari dóma. Vitna þær í ný hegningarlög í Rúmeníu þar sem gert er minna úr alvarleika kynferðisofbeldis en áður.

Þær Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir tóku að sér að vinna verkið fyrir hönd Stígamóta og fóru tvisvar til Rúmeníu á árinu. Annars vegar í apríl vegna vitundarvakningarverkefnisins. Þær héldu fjölda erinda, bæði fyrir A.L.E.G. og á þverfaglegu námskeiði með fulltrúum flestra þeirra stofnana sem hafa aðkomu að kynferðisofbeldi.

Í september fóru þær stöllur aftur til Sibíu og þá vegna verkefnisins Rjúfum þögnina. Þar hittust fulltrúar margra kvennasamtaka sem leituðust við að ná samstöðu og stilla saman strengi. Þriðja ferðin verður svo farin árið 2015. Óhætt er að segja að í ljós hafi komið nokkur menningarmunur á milli landanna og áskoranir voru margar. Þunglamalegt embættismannakerfi var á köflum nær Óþolandi og skrifinnskan slík að ógerlegt var að fullnægja kröfunum og hamlaði það nokkuð annars mikilvægu samtari.

Heimsóknir erlendra aðila á Stígamót

Eins og áður lá leið margra erlendra gesta á Stígamót þetta árið.

Bandaríska sendiráðið

Á hverju ári hafa fulltrúar Bandaríska sendiráðsins sent fulltrúa sína á Stígamót í þeim tilgangi að safna upplýsingum um mansal. Gefnar hafa verið út skýrslur þar sem ástand og meðferð mansalsmála um allan heim er rakið. Á Stígamótum hefur það þótt til bóta að taka saman þessar upplýsingar. Á árum áður þegar Stígamót höfðu gert margar tilraunir til þess að vekja athygli stjórnvalda á mansali á Íslandi án árangurs, vakti það athygli og tekið alvarlega, þegar Bandaríkin slógu því föstu að hér á landi væru dæmi um mansal. Þær upplýsingar höfðu borist til Bandaríkjanna frá Stígamótum.

Íslenska utanríkisþjónustan

Undanfarin áratug hefur talskona Stígamóta tekið þátt í kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna. Boðað hefur verið til undirbúningsfunda í utanríkisráðuneytinu og Gréta Gunnarsdóttir sendiherra Íslands hjá fastanefndinni í New York hefur undanfarin ár verið vakin og sofin yfir að verða að liði í kvenfrelismálum. Hefur hún fallist á að hitta fulltrúa alþjóðlegra kvennasamtaka með milligöngu Stígamóta til þess að þoka málum áfram.

Á árinu var boðað til undirbúningsfundar í Velferðarráðuneytinu. Eygló Harðardóttir ráðherra jafnréttismála bauð kvannahreyfingunni til fundar við sig og féllst á tillögu Stígamóta um að kvannahreyfingin skipulegði dagskrá á kvennanefndarfundum árið 2015.

Jafnframt undirbjó utanríkisráðherra hina svokölluðu Rakarastofuráðstefnu í tengslum við 20 ára afmæli Pekingáætlunarinnar sem halda átti árið 2015. Einar Gunnarsson verðandi sendiherra í New York bauð Hjálmarí Gunnari Sigmarssyni og Guðrúnu Jónsdóttur til fundar við sig í utanríkisráðuneytinu til þess að fara yfir aðkomu okkar að kvennanefndarfundum. Áhugi var á að fá Hjálmar til New York til þess að taka þátt í dagskránni.

Erlendar heimsóknir á Stígamót

Eistar gerðu sér ferð til Íslands til þess að kynna sér jafnréttismál. Það voru embættismenn frá Jafnréttisráði og Jafnréttisráðuneytinu

sem heimsóttu Stígamót. Það sama gerðu embættismenn frá Pólandi og Slóveníu.

Nokkuð hefur líka verið um að kollegar frá öðrum löndum óski eftir fræðslu. Þannig tók Helga á móti konum frá Vín sem vinna í athvarfi fyrir konur og börn. Þær höfðu sérstakan áhuga á að hitta konur á Stígamótum og hjá Tabú.

Þær Mary Pat Treuthart og Alison Peters, frá Center for Women and Democracy í Seattle heimsóttu Stígamót og höfðu þær áhuga á að koma aftur með 30 konur í maí árið 2015 og kynna sér starfsemina betur.

Nordiske kvinner mot vold i Kaupmannahöfn

Dagana 3.-5. október fóru Guðrún, Helga og Hjálmar á tuttugustu og fyrstu ráðstefnu norrænu kvennaathvarfasamtakanna sem haldin var í Kaupmannahöfn. Yfirskrifin var **“Vold mod kvinder i et livsperspektiv”**. Guðrún sagði frá því fréttanemasta á Íslandi og þau Helga og Hjálmar buðu upp á vinnustofu undir yfirskriftinni **„Ný og bætt þjónusta”** þar sem þau gerðu grein fyrir þjónustu okkar við fatlað fólk og karla.



Nordiske kvinner mot vold á NF, fulltrúar Noregs, Danmerkur, Íslands og Svíþjóðar

Stjórnarfundur í Nordiske kvinner mot vold i Kaupmannahöfn

Að venju hittust fulltrúar norrænu kvennaathvarfasamtakanna í Kaupmannahöfn í desember. Lagðar voru línurnar fyrir ráðstefnu næsta árs sem halda á í Svíþjóð. Kynferðisofbeldi verður aðalþemað. Jafnframt var farið yfir hvað er efst á baugi í löndunum. Rætt var um mikilvægi þess að koma upp heimasíðu, taka þátt í alþjóðastarfi og Evrópustarfi.

Stop Porn Culture i London

Í mars var talskonu Stígamóta boðið að flytja erindi á ráðstefnu alþjóðasamtaka sem kalla sig Stop Porn Culture. Að stofnun samtakanna stóð Gail Dines sem Íslendingum er að góðu kunn, meðal annars fyrir bókina sína Pornland, en líka fyrir að heimsækja Ísland og hrista upp í umræðunni. Á ráðstefnunni töluðu fleiri róttækar konur eins og Julie Bindel, Ane Stø og fleiri. Utan við ráðstefnusalinn hafði klámmyndaleikarar og framleiðendur boðað til mótmæla og vöktu þau nokkra athygli. Stígamótaboðskapurinn fólst m.a. í því hvað baráttan gæti orðið öflug og áhrifamikil þegar baráttukonur hefðu gaman af því sem þær væru að gera.



Stórar systur birtust óvænt á Stígamótadagskránni á Nordiskt Forum

Niðurstöður úr stærstu rannsókn á ofbeldi gegn konum kynnt í Brussel

Dagana 4.-6. mars fór Þórunn Þórarinsdóttir til Brussel fyrir hönd Stígamóta. Erindið var að hlusta á kynningu á niðurstöðum einhvers umfangsmestu rannsóknar sem gerð hefur verið á ofbeldi gegn konum. Rannsóknin var framkvæmd af European Union Agency for Fundamental Rights (FRA) og niðurstöðurnar voru sláandi. Ofbeldi gegn konum á Norðurlöndunum mældist mikið og er áminning um að þrátt fyrir að Norðurlöndin þyki vera komin landa lengst í jafnréttismálum, er ofbeldi gegn konum óviðunandi.

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna í New York

Kvennanefndinni er ætlað að fylgja eftir aðgerðaáætlun í jafnréttismálum sem samþykkt var í Peking árið 1995. Fundir eru haldnir ár hvert í New York og þá nýtir kvannahreyfingin tækifærið og skipuleggur stjórnarfundu sína á sama stað og á sama tíma. Tíu til fimmtán þúsund konur veita opinberu sendinefndunum aðhald og bjóða upp á ýmis konar hliðardagskrá.

Alþjóða kvannaathvarfasamtökin

Stjórnarfundur í alþjóðlegu kvannaathvarfahreyfingunni var haldinn daginn áður en opinbera dagskráin hófst í New York. Fyrsta alþjóðaráðstefnan var haldin í Edmonton í Kanada árið 2008.

Önnur var haldin í Washington fyrir tveimur árum. Á báðum ráðstefnunum buðu Nordiske kvinner mot vold og Stígamót upp á málstofur. Í rólegheitunum hefur alþjóðlegur hópur kvenna undirbúið formleg samtök og á talskona Stígamóta sæti í stjórninni sem haldið hefur utan um vinnuna. Til stendur að halda þriðju ráðstefnuna í Hag í Hollandi árið 2015 og að höfuðstöðvarnar verði staðsettar þar til frambúðar.

Nordiskt Forum kynnt í New York

Undirbúningshópur fyrir Nordiskt Forum bauð upp á dagskrá í New York í tengslum við kvennanefndarfundinn. Jafnréttisráðherrarnar allra Norðurlandanna sátu í panel og fulltrúar kvannahreyfingarinnar kynntu það helsta. Fulltrúi Stígamóta fór yfir það mikilvægasta frá Íslandi. Gertrud Ástrøm forseti Svensk kvinnolobby sem hélt utanum Nordiskt Forum, dró fram lúíð eintak af Pekingáætluninni og benti á að hún hefði verið mikið lesin. Það þykir nokkuð víst að slíkt bakslag hafi orðið í jafnréttismálum síðan árið 1995 þegar áætlunin var samþykkt að verði hún endurskoðuð, myndi það leiða til þess að konur misstu réttindi í stað þess að auka þau. Norrænum konum finnst það óásættanlegt að á meðan enn skortirt mikið á að jafnrétti sé náð sé ekki hægt að setja fram ítarlegri kröfur.



Þær Björg, Dóra, Helga, Anna Bentína, Þóra, Björg og Anna Þóra á Nordiskt Forum



Kvikmyndasamningar ræddir í New York. Jim Tusty, talskona Stígamóta, Sheva Carr og Maureen Tusty

Fundur með kvikmyndaframleiðendum í New York

Eins og áður hefur komið fram í ársskýrslunni var undirritaður kvikmyndasamningur á milli Stígamóta, Stóru systur og Shevu Carr fyrir hönd Fyera Foundation í desember.

Í New York í mars bauð Sheva talskonu Stígamóta til fundar við sig ásamt hjónunum Maureen og Jim Tusty, en öll hafa þau mikinn áhuga á að framleiða annars vegar leikna kvikmynd í fullri lengd og hins vegar heimildamynd um Stóru systur og baráttu Stígamóta. Fleiri aðilar tóku þátt í fundinum á Skype. Stígamótakonunni ofan af Íslandi þótti fundurinn fremur óraunverulegur og þurfti að klípa sig í handlegginn í laumi til þess að vera vissum að þetta væri alvöru.

Nordiskt Forum 12.-15. júní í Malmö

Stærsta alþjóðlega verkefnið sem Stígamót tóku þátt í á árinu var Nordiskt Forum í Malmö í Svíþjóð. Um var að ræða þriðju risasamkomu norrænna kvenna, en þær fyrri voru haldnar í Osló árið 1987 og í Aabo árið 1994 og voru sóttar af tugum þúsunda kvenna.

Undirbúningur hafði staðið lengi og Stígamót áttu fulltrúa í íslenska undirbúningshópnum. Miklar væntingar voru gerðar og norrænar konur voru staðráðnar í að sætta sig ekki við að ekki mætti bæta og skerpa Pekingáætlun Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna komu 20.000 konur að því að semja ályktun um alla kaffa Pekingplaggsins. Um 20.000 konur lögðu leið sína til Malmö.

Ákveðið var að allur starfshópur Stígamóta færi til Malmö og jafnframt var dr. Guðrúnu Jónsdóttur stofnanda Stígamóta boðið að taka þátt í dagskránni. Stígamót stóðu fyrir eigin dagskrá. Þær Anna Bentína Hermansen, Helga Baldvins- og Bjargardóttir, Embla Guðrúnar- og Ágústsdóttir og Guðrún eldri og yngri fluttu erindi. Sýnt var myndbrot úr baráttu Stígamóta og að lokum heyrðist dúndrandi tónlist og margir tugir kuffklæddra Stóru systur flæddu í salinn með spjöld sem á voru letraðar tilvitnanir í vændiskaupendur. Uppákoman vakti mikla athygli og var vel tekið.

Nordiske kvinner mot vold stóðu líka fyrir eigin dagskrá þar sem heimildamyndin um starfsemina eftir Höllu Kristínu Einarsdóttur var sýnd og svo voru umræður á eftir.

Þar að auki var Stígamótum boðin þátttaka í mörgum öðrum viðburðum og tókst ekki að manna þá alla. Margrét Steinarsdóttir tók þátt í dagskrá um mansal fyrir hönd Stígamóta og þær Björg Eva Erlendsdóttir og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir tóku þátt í dagskrá um feminíska fjölmiðlun fyrir hönd Stígamóta.

Talskona Stígamóta var ein af frummælendum í aðaldagskránni í stóra salnum. Hún tók jafnframt þátt í norrænum umræðum um Ístanbul sáttmálann og hvað þyrfti til svo hann kæmi til framkvæmda og nýttist norrænum konum. Hér má sjá allar upplýsingar um Nordiskt Forum: <http://nf2014.org/>

Aðild Stígamóta að regnhlíf- og alþjóðasamtökum og helstu samstarfsaðilar

- **Norrænar konur gegn ofbeldi:** sem eru regnhlífsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi.
- **Equality Now!**, sjá nánar: www.equalitynow.org/
- **WAVE** – women against violence in Europe, sjá nánar: www.wave-network.org
- **Coalition Against Trafficking in Women:** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar, sjá nánar: catw-l@list.web.net
- **European´s Womens Lobby:** sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women, sjá nánar: <http://www.epacvaw.org/>
- **Global network of women´s shelters:** Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfa
- **Skotturnar:** Regnhlífsamtök 23 kvennasamtaka, sjá nánar: www.kvennafri.is
- **Stop Porn Culture,** sjá nánar: <http://stoppornculture.org/>

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 25 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sifjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2014 leituðu 617 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 280 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 57 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 26 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2014 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 25 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 7.039 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 10.082 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2014 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðu Stígamóta, www.stigamot.is.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2014

Ný mál - brotþolar komu sjálfir ¹	280
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	26
Heildarfjöldi ofbeldismanna ²	452
Fjöldi nýrra aðstandenda	57
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	617
Heildarfjöldi viðtala	2146

Í töflu 1 kemur fram að árið 2014 voru 280 ný mál þar sem brotþolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta eru færri mál borið saman við árið 2013 (en þá voru ný mál frá brotþolum 323), sem er um 13% fækkun á milli ára. Árið 2014 leituðu færri aðstandendur til Stígamóta borið saman við árið 2013, og var það um 27% fækkun milli ára. Árið 2014 var fjöldi nýrra mála þar sem brotþolar komu sjálfir og fjöldi nýrra aðstandenda nær fjöldi árunna 2012 og 2011. Árið 2012 komu 264 brotþolar og 58 aðstandendur til Stígamóta í fyrsta skipti og árið 2011 komu 278 brotþolar og 68 aðstandendur í fyrsta skipti til Stígamóta.

Þegar ný mál, bæði frá brotþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 306 sem er 52 málum færra en á síðasta ári, sem er um 14% fækkun á milli ára. En fjöldi nýrra mála er svipaður og þau voru árið 2011, en þá voru þau 313.

Ofbeldismenn eru nú 452, sem er um 24% fækkun frá árinu 2013.

Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2014 var 617, sem er um 12% fækkun frá árinu 2013 en þá var heildarfjöldi einstaklinga 706. Árið 2011 var heildarfjöldi einstaklinga 593 og árið 2012 var hann 664.

Heildarfjöldi viðtala árið 2014 var 2.146, sem er um 11% fækkun frá árinu 2013 en þá var heildarfjöldi viðtala 2.409. Heildarfjöldi viðtala hefur þó aukist um 3% frá árinu 2012, en þá var heildarfjöldinn 2.077.

1. Heildarfjöldi nýrra mála var 280 en því miður voru 3 skýrslur ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir tölfræði úrvinnsla um brotþola á 277 skýrslum.
2. Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 452, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 3 komuskýrslur og þá var leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 452 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 423 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat verið til dæmis að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansals-málum.

Ef við drögum ofangreindar upplýsingar fyrir árið 2014 saman, kemur í ljós að fjöldi viðtala og einstaklinga hefur fækkað frá árinu 2013. Á árinu 2013 varð toppur í fjölda viðtala og einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti. Þessa miklu aðsókn til Stígamóta má líklega rekja til fjölmíðlaumræðu um kynferðisbrotamál á árinu 2013. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2014 er svipaður og árin fyrir árið 2013.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar upplýsingar eru breyttar vegna nýrra aðferða við gagnasöfnun er þess getið í texta.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um brotapolu sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2014.

Tafla 2. Skipting einstaklinganna eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	33	11,9%
Kona	244	88,1%
Alls	277	100%

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2014. Fjöldi karla sem leituðu til Stígamóta árið 2014 fækkaði um 43% borið saman við árið 2013. Hinsvegar er hlutfall karla sem leituðu til Stígamóta árið 2014 svipaður og hlutfall þeirra karla sem leituðu til Stígamóta á árunum 2011 og 2012 (árið 2011 voru karlar 11,5% þeirra sem leituðu til Stígamóta en 8,7% árið 2012).

Tafla 3. Þjóðerni brotapolu


	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	262	94,6%
Blandað þjóðerni	3	1,1%
Frá öðrum löndum	7	2,5%
Upplýsingar vantar	5	1,8%
Alls	277	100%

Tafla 3 sýnir að flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2014 voru íslenskir eða 94,6%. Þetta er svipaður hlutfall og undanfarin ár.

Tafla 4. Býr brotapolu við líkamlega fötlun


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	252	91,0%
Já	12	4,3%
Upplýsingar vantar	13	4,7%
	277	100%

Árið 2014 tók til starfa starfskona sem sérhæfir sig í málefnum fatlaðra. Því var ákveðið í ár að birta töflu 4. Taflan sýnir að 4,3% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2014 bjuggu við líkamlega fötlun. Hafa verður þó í huga að þessi tafla gefur okkur einungis vísbendingu um fjölda einstaklinga sem búa við líkamlega fötlun en tekur ekki til allra fatlana.



Mynd 1 sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 25 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahús var stofnað í nóvember 1998. Mynd 1 sýnir að árið 2014 voru ný mál 306, sem er um 14% fækkun frá árinu 2013. Mynd 1 sýnir að fjöldi nýrra mála árið 2014 er svipaður og fjöldi nýrra mála árið 2011.

Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2014


Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrir-sjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert. Mynd 2 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var nokkuð jafn yfir árið. Fleiri mál voru þó í október og nóvember borið saman við hina mánuði ársins. Það fellur saman við fjölmiðlaumræðu í október og nóvember um viðbót á þjónustu Stígamóta (þar sem fjallað var um að á árinu komu til starfa ráðgjafi sem sérhæfir sig í kynferðisofbeldi gegn fötlðu fólki og fyrsti karlkyns ráðgjafinn).

Tafla 5. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2014

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	107	23,7%
Nauðgun	157	34,8%
Nauðgunartilraun	28	6,2%
Klám	21	4,7%
Vændi	8	1,8%
Kynferðisleg áreitni	95	21,1%
Annað	24	5,3%
Ekki viss	11	2,4%
Alls	451	100%

Tafla 5 sýnir ástæður þess að einstaklingar leita til Stígamóta árið 2014. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (277).

Eins og tafla 5 sýnir eru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 64,7% þeirra ástæðna sem tilgreindar eru sem ástæða komu á Stígamót. Athygli vekur hve margir leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni eða um 21,1%.




Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2014

Um klám og vændi

Einstaklingar hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar maka/sambýlisfólks síns sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrir hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða hóttað að þeim verði dreift. Það var 21 einstaklingur (3 karlar og 18 konur) sem leitaði til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2014 vegna kláms, þetta eru 4 fleiri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna kláms árið 2013.

Árið 2014 leituðu 8 einstaklingar (1 karl og 7 konur) til Stígamóta í fyrsta skipti vegna vændis, þetta eru færri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna vændis árið 2013 en þá voru þeir 12. Vitað er að árið 2014 voru einnig í viðtölum meðal annars vegna vændis og/eða kláms, um 10 einstaklingar (9 konur og 1 karl) sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2014. Þessir einstaklingar höfðu því fylgt okkur á milli ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Hlutfallið í myndinni miðast við þau tilvik þar sem einstaklingar tilgreindu sifjaspell, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislega áreitni, klám og vændi sem ástæðu komu hvert ár. Eins og sést á mynd 4 tilgreindu flestir einstaklingar nauðgun sem ástæðu komu og næst flestir tilgreindu sifjaspell sem ástæða komu síðastliðin fimm ár. Einnig var kynferðisleg áreitni oft tilgreind sem ástæða komu.

Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

Tafla 6 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2014


6a. Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	5	1,8%
18 - 29 ára	142	51,3%
30 - 39 ára	61	22,0%
40 - 49 ára	33	11,9%
50 - 59 ára	17	6,1%
60 ára og eldri	3	1,1%
Upplýsingar vantar	16	5,8%
Alls	277	100%

6b. Aldur er ofbeldi er framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	12	4,3%
5 - 10 ára	75	27,1%
11 - 17 ára	76	27,4%
18 - 29 ára	78	28,2%
30 - 39 ára	8	2,9%
40 - 49 ára	4	1,4%
50-59 ára	2	0,7%
Ekki viss	9	3,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,7%
Upplýsingar vantar	11	4,0%
Alls	277	100%

Tafla 6a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 6b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar þeir voru fyrst beittir ofbeldi. Rúmur helmingur þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2014 voru á aldrinum 18-39 ára eða 73,3%, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá 58,8% og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur fyrri ára hafa sýnt.




Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2014


Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamáta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var fyrst framið og miðast upplýsingarnar við árið 2014. Tekið skal fram að 5 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamáta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímenn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotaþola úr komuskýrslum (277 skýrslur).



Mynd 6. Hjúskaparstaða



Mynd 7a. Menntun




Mynd 7b. Atvinna

Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2014 sýna líkt og tölur fyrir árin 2010-2013 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.


Tafla 7. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell	Nauðgun	Nauðgunar- tilraun	Klám	Vændi	Kynferðis- leg áreitni	Annað
Reykjavík	28,8%	50,9%	45,2%	71,4%	55,6%	47,5%	54,5%
Annað höfuðborgarsvæði	13,5%	10,1%	19,4%	9,5%	11,1%	14,1%	13,6%
Utan höfuðborgarsvæðis	47,7%	28,4%	16,1%	4,8%	0,0%	25,3%	18,2%
Erlendis	5,4%	9,5%	16,1%	9,5%	11,1%	11,1%	9,1%
Ekki viss	4,5%	1,2%	3,2%	4,8%	22,2%	2,0%	4,5%
ALLS	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi tilvika	(111)	(169)	(31)	(21)	(9)	(99)	(22)



Mynd 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

Í töflu 7 og mynd 8 er greint frá í hvaða sveitarfélagi ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 7 og mynd 8 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki. Tafla 7 og mynd 8 sýna að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Tafla 7 og mynd 8 sýna að hæsta hlutfall tilgreindra nauðgana, nauðg-anartilrauna, kláms, vændis, kynferðislegrar áreitni og annarskonar kynferðisofbeldis átti sér stað á höfuðborgar-svæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 9. Búseta þeirra sem leituðu til Stígámóta árið 2014

Á mynd 9 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígámóta. Um 73,4% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígámóta árið 2014 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígámóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að koma í viðtöl. Þá er einnig boðið upp á símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígámót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilsstöðum og nágrenni Egilsstaða að nýta sér þjónustu Stígámóta á sínu heimasvæði. Ein starfskona Stígámóta hefur verið með regluleg viðtöl á Egilsstöðum frá árinu 2012.

Tafla 8. Búseta; samanburður milli ára


	2010	2011	2012	2013	2014	
Reykjavík	56,6%	46,4%	48,5%	51,4%	53,1%	147
Kópavogur	10,4%	7,6%	4,9%	7,4%	8,7%	24
Hafnarfjörður	7,6%	7,9%	6,8%	6,2%	7,6%	21
Seltjarnarnes	0,8%	1,4%	0,4%	0,6%	1,1%	3
Garðabær	3,6%	4,3%	3,0%	5,9%	2,5%	7
Mosfellsbær	4,0%	5,0%	3,8%	1,9%	0,4%	1
Önnur landsbyggð	14,4%	24,4%	27,3%	22,3%	21,7%	60
Erlendis	1,6%	2,2%	1,1%	3,7%	0,7%	2
Uppl.vantar	1,2%	0,7%	4,2%	0,6%	4,3%	12
Fjöldi	251	278	264	323	277	

Í töflu 8 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2010 til 2014. Árið 2014 var hlutfall þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu það sama og árið 2013 eða 73,4%. Árið 2014 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stígámóta einnig svipað og árið 2013.

Um ofbeldisverkin

Tafla 9. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2010	2011	2012	2013	2014	
Eitt skipti	16,2%	16,8%	22,7%	18,2%	16	15,8%
Innan við 1 ár	17,2%	20,8%	13,6%	21,2%	24	23,8%
1-5 ár	39,4%	38,4%	34,8%	31,4%	33	32,7%
6 ár eða lengur	12,1%	15,2%	12,1%	15,3%	12	11,9%
Óvíst	15,2%	8,8%	16,7%	13,9%	16	15,8%
Fjöldi	99	125	132	137	101	



Mynd 10. Samanburður á milli ára


Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 10 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í kringum helmingi tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

Tafla 10. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	140	76,9%
Hópnauðgun	19	10,4%
Lyfjanauðgun	13	7,1%
Annað	5	2,7%
Ekki viss	5	2,7%
Alls	182	100%

Heildarfjöldi nauðgana í töflu 10 er 182 en ekki 157 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar.

Með öðru er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Af þeim 19 einstaklingum sem nefndu hópnauðgun var einn karl og þeir 13 einstaklingar sem nefndu lyfjanauðgun voru allt konur. Í sjö tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í fjórum tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir 4. Í 6 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.




Mynd 11. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 11 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við ofbeldið. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (423), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 199 ofbeldismönnum (47,0%). Á myndinni sést að í 22,5% tilfella var hótunum beitt og líkamsmeiðingum var beitt í 18,9% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 11. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-lega áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	39	28,5	33	16,5	8	24,2	5	18,5	-	-	16	10,1	12	26,7
Á heimili ofbeldismannsins	40	29,2	58	29,0	7	21,2	9	33,3	2	22,2	29	18,4	7	15,6
Á heimil brotabola	23	16,8	35	17,5	4	12,1	6	22,2	2	22,2	19	12,0	5	11,1
Í heimahúsi	3	2,2	25	12,5	1	3,0	1	3,7	-	-	13	8,2	2	4,4
Á vinnustað	4	2,9	2	1,0	1	3,0	-	-	-	-	11	7,0	3	6,7
Á eða við skemmtistað	-	-	6	3,0	3	9,1	-	-	-	-	14	8,9	2	4,4
Á útihátíð	-	-	4	2,0	-	-	-	-	-	-	6	3,8	1	2,2
Í tómstundum eða íþróttastarfi	4	2,9	1	0,5	1	3,0	1	3,7	-	-	6	3,8	-	-
Á opinberri stofnun	5	3,6	8	4,0	1	3,0	-	-	-	-	6	3,8	2	4,4
Utandyra	8	5,8	16	8,0	4	12,1	2	7,4	2	22,2	20	12,7	8	17,8
Annað	7	5,1	10	5,0	2	6,1	2	7,4	2	22,2	15	9,5	2	4,4
Ekki viss	4	2,9	2	1,0	1	3,0	1	3,7	1	11,1	3	1,9	1	2,2
Alls	137	100	200	100	33	100	27	100	9	100	158	100	45	100



Mynd 12. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis


Tafla 11 og mynd 12 greina frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 11 og mynd 12 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki.

Í töflu 11 og mynd 12 kemur fram að sifjaspell á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 74,5% tilfella. Þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í árskýrslu ársins 2013. Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi, nauðganir í 75,5% tilvika og nauðgunartilraunir í 60,5% tilvika. Þessi hlutföll nauðgana og nauðganartilrauna eru einnig svipuð hlutföll og komu fram í árskýrslu ársins 2013. Einnig er athyglisvert að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í 49,5% tilvika og eru það einnig svipuð hlutföll og fram komu í árskýrslu ársins 2013. Athyglisvert er að í 44,4% tilvika átti vændi sér stað á heimili ofbeldismanns og heimili brotaþola.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.


Tafla 12. Hverjum hefur brotapolí sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunartilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-leg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	4	3,7	11	7,0	3	10,7	2	9,5	3	37,5	8	8,4	1	4,2
Sagt maka frá ofbeldinu	57	53,3	51	32,5	9	32,1	3	14,3	1	12,5	32	33,7	4	16,7
Sagt móður frá ofbeldinu	45	42,1	65	41,4	9	32,1	6	28,6	1	12,5	35	36,8	8	33,3
Sagt föður frá ofbeldinu	23	21,5	31	19,7	4	14,3	5	23,8	1	12,5	18	18,9	7	29,2
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	39	36,4	44	28,0	7	25,0	3	14,3	1	12,5	28	29,5	7	29,2
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	65	60,7	109	69,4	16	57,1	6	28,6	4	50,0	56	58,9	13	54,2
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	38	35,5	67	42,7	8	28,6	5	23,8	1	12,5	32	33,7	7	29,2
Sagt öðrum frá ofbeldinu	6	5,6	8	5,1	2	7,1	1	4,8	1	12,5	9	9,5	1	4,2
Óvist hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	1	0,9	4	2,5	-	-	-	-	-	-	2	2,1	1	4,2
Upplýsingar vantar	8	7,5	5	3,2	4	14,3	6	28,6	1	12,5	10	10,5	7	29,2
Fjöldi einstaklinga	107		157		28		21		8		95		24	



Tafla 12 og mynd 13 greina frá hverjum brotapolí hefur sagt frá ólíku ofbeldi. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi töflu 12 og mynd 13 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Eins og sést í töflu 12 og mynd 13 hefur um eða yfir helmingur einstaklinga sem orðið höfðu fyrir sifjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni og vændi sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu. Athyglisvert er að um 37,5% þeirra sem nefndu vændi höfðu ekki sagt neinum frá því og er það hærra hlutfall borið saman við aðra brotaflokk. Hafa verður þó í huga að í þessum flokki eru fáir einstaklingar og því verður að taka þessum tölum með fyrirvara.


Mynd 13. Hverjum hefur brotapolí sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis



Mynd 14. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 14 er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum.

Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (277). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 2,5% (7) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda einstaklingum miklu hugarangri. Mynd 14 sýnir að hluffallslega flestir nefndu skömm, kvíða, depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram hafa komið í ársskýrslum fyrri ára. Átta einstaklingar eða 2,9% nefndu vændi sem afleiðingu, og eru það jafn margir og tilgreindu vændi sem ástæðu komu eins og sést í töflu 4. Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu en merkt svo við vændi sem afleiðingu. Og er því ekki alltaf samræmi í fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem ástæðu komu og fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem afleiðingu.



Mynd 15. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf

Hlutfallið í mynd 15 miðast við heildarfjölda einstaklinga (277), af þeim vantaði upplýsingar frá 23 eða (8,3%). Í myndinni sést að um 37,5% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Rúmlega fjórðungur taldi að neysla áfengis sem afleiðing kynferðisofbeldis hafi skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf.

Tafla 13. Sjálfsvígstilraunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	180	65,0%
Já	67	24,2%
Upplýsingar vantar	30	10,8%
Alls	277	100%



Eins og tafla 13 og mynd 16 sýna höfðu 67 einstaklingar eða 24,2% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2014 gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. En eins og sést í töflu 14 hér fyrir neðan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga verið á bilinu 15 til 24% á árunum 2010 til 2014.

Mynd 16. Sjálfsvígstilraunir

Tafla 14. Sjálfsvígstilraunir, fleiri ár

	2010	2011	2012	2013	2014
Já	15,1%	16,2%	21,6%	22,0%	24,2%
Nei	61,8%	68,7%	60,2%	66,9%	65,0%
Fjöldi³	193	236	216	287	247

Kynjamunur

Tafla 15. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2014, skipt eftir kyni


	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Sifjaspell	90	37,5	17	51,5
Nauðgun	148	61,7	9	27,3
Nauðgunartilraun	26	10,8	2	6,1
Klám	18	7,5	3	9,1
Vændi	7	2,9	1	3,0
Kynferðisleg áreitni	85	35,4	10	30,3
Annað	22	9,2	2	6,1
Ekki viss	8	3,3	3	9,1
Fjöldi einstaklinga	240		33	

Hlutfallið í töflu 15 miðast við þá 33 karla og 240 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Upplýsingar um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir tilteknu broti vantaði hjá 4 einstaklingum og teljast þeir ekki með í þessari töflu. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 15 sýnir að hæsta hlutfall karla leitaði til Stígamóta meðal annars vegna sifjaspells og hæsta hlutfall kvenna leitaði til Stígamóta meðal annars vegna nauðgana.

3. Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.

Tafla 16. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Skömm	204	85,4	24	77,4
Kvíði	206	86,2	21	67,7
Depurð	203	84,9	22	71,0
Léleg sjálfsmynd	183	76,6	23	74,2
Sektarkennd	182	76,2	19	61,3
Reiði	154	64,4	21	67,7
Svipmyndir	159	66,5	15	48,4
Erfið tengsl við maka/vini	152	63,6	17	54,8
Ótti	153	64,0	11	35,5
Einangrun	131	54,8	17	54,8
Tilfinningalegur doði	136	56,9	10	32,3
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	131	54,8	14	45,2
Erfitt með einbeitingu	128	53,6	14	45,2
Kynlíf erfitt	124	51,9	7	22,6
Sjálfsvígshugleiðingar	109	45,6	10	32,3
Hegðunarerfiðleikar	69	28,9	7	22,6
Sjálfsköðun	70	29,3	5	16,1
Átröskun	62	25,9	1	3,2
Kynferðisleg hegðun	56	23,4	4	12,9
Líkamlegir verkir	55	23,0	2	6,5
Vændi	8	3,3	0	0,0
Annað	5	2,1	1	3,2
Ekki viss	4	1,7	1	3,2
Fjöldi einstaklinga	239		31	



Mynd 17. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni


Hlutfallið í töflu 16 og mynd 17 miðast við þá 31 karla og 239 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Upplýsingar um afleiðingar vantaði hjá 7 einstaklingum og teljast þeir ekki með í töflu 16 og mynd 17. Einstaklingar greina oft frá mörgum afleiðingum í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærrí en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Mikilvægt er að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 31. Tafla 16 og mynd 17 sýna að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar, hlutfallslega flestar konur og karlar nefna skömm, kvíða, depurð og lélega sjálfmynd. Þetta er sambærilegt við ársskýrslu ársins 2013. Athyglisvert er að herra hlutfall karla nefnir reiði borið saman við konur.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)⁴ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kom fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis. Þar kom einnig fram hjá henni að karlar nefndu reiði oftar borið saman við konur.

Tafla 17. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Ekkert af þessu	96	42,5	8	28,6
Áfengi	63	27,9	9	32,1
Matur	52	23,0	3	10,7
Önnur vímuefni	40	17,7	10	35,7
Kynlíf	28	12,4	1	3,6
Fjárhættuspil/tölvuleikir	6	2,7	3	10,7
Klám	5	2,2	3	10,7
Annað	10	4,4	1	3,6
Ekki viss	14	6,2	2	7,1
Fjöldi einstaklinga	226		28	



Mynd 18. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni


Hlutfallið í töflu 17 og mynd 18 miðast við þá 28 karla og 226 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Upplýsingar um neyslu og athafnir sem hafa skert lífsgæði vantaði hjá 23 einstaklingum og teljast þeir ekki með í töflu 17 og mynd 18. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærrí en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Athyglisvert er að herra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni, fjárhættuspil og tölvuleikir og klám hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við konur. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 28.

4. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda*. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 18. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	159	72,3	21	77,8
Já	61	27,7	6	22,2
Fjöldi einstaklinga	220		27	




Hlutfallið í töflu 18 og mynd 19 miðast við þá 27 karla og 220 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tílaun til sjálfsvígs. Upplýsingar um sjálfsvígstílaunir vantaði hjá 30 einstaklingum og teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 18 og mynd 19 tilgreindi hærri hlutfall kvenna að þær hefðu gert tílaun til sjálfsvígs borið saman við karlana. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 27.

Mynd 19. Sjálfsvígstílaunir, skipt eftir kyni


Tafla 19. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2014, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tílaun		Klám		Vændi		Kynferðis-leg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum fagaðilum	39	36,4	59	37,6	8	28,6	7	33,3	4	50,0	38	40,0	6	25,0
Lækni	6	5,6	22	14,0	-	-	1	4,8	-	-	5	5,3	3	12,5
Starfsfólk geðdeildar	7	6,5	12	7,6	4	14,3	1	4,8	1	12,5	7	7,4	3	12,5
Geðlækni	8	7,5	19	12,1	1	3,6	1	4,8	1	12,5	4	4,2	3	12,5
Félagsráðgjafa	13	12,1	15	9,6	3	10,7	3	14,3	-	-	5	5,3	3	12,5
Félagsþjónustu	5	4,7	9	5,7	1	3,6	-	-	-	-	4	4,2	1	4,2
Sálfræðingi	29	27,1	42	26,8	6	21,4	2	9,5	1	12,5	14	14,7	2	8,3
Fagaðila í vímuefna-meðferð	5	4,7	13	8,3	2	7,1	1	4,8	1	12,5	1	1,1	1	4,2
Presti	3	2,8	4	2,5	1	3,6	1	4,8	-	-	1	1,1	2	8,3
Skólastarfsmanni	7	6,5	8	5,1	1	3,6	1	4,8	-	-	7	7,4	2	8,3
Lögreglufulltrúa	4	3,7	16	10,2	1	3,6	1	4,8	2	25,0	8	8,4	2	8,3
Kvennaathvarfi	2	1,9	5	3,2	3	10,7	2	9,5	-	-	6	6,3	2	8,3
Neyðarmóttöku	2	1,9	10	6,4	2	7,1	-	-	-	-	1	1,1	1	4,2
Barnahúsi	5	4,7	6	3,8	-	-	1	4,8	1	12,5	1	1,1	1	4,2
Öðrum fagaðilum	7	6,5	4	2,5	-	-	-	-	-	-	2	2,1	2	8,3
Ekki viss	2	1,9	2	1,3	-	-	-	-	-	-	1	1,1	-	-
Upplýsingar vantar	16	15,0	12	7,6	8	28,6	6	28,6	2	25,0	24	25,3	10	41,7
Fjöldi einstaklinga	107		157		28		21		8		95		24	



Mynd 20. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2014, skipt eftir tegund ofbeldis

Tafla 19 og mynd 20 greina frá við hvaða fagaðila brotaþoli hafði rætt við, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 19 og mynd 20 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Athyglisvert er að hæsta hlutfall í öllum brotaflokkum eru þeir sem ekki hafa rætt við neinn fagaðila um ofbeldið.



Á mynd 21 kemur fram að 423 ofbeldismenn höfðu beitt 277 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2014 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 19 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Myndin sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (423). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 16,8% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2014 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 67,9% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Gamla goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Mynd 21. Tengsl við ofbeldismenn

Tafla 20a/b Samanburður milli ára frá árinu 2010

20a Sifjaspell

Sifjaspell	2010	2011	2012	2013	2014	
Faðir/stjúpfaðir	23,1%	14,3%	23,8%	20,2%	24,3%	28
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	4,0%	0,6%	1,7%	2
Giftur inn í fjölskylduna	2,9%	3,4%	2,4%	3,6%	0,0%	0
Bróðir/stjúpróðir	14,4%	13,4%	13,5%	6,5%	11,3%	13
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	1,6%	1,2%	0,9%	1
Frændi/frænka ⁵	25,0%	26,9%	12,7%	20,8%	17,4%	20
Afi	6,7%	11,8%	7,9%	6,0%	3,5%	4
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	6,7%	10,1%	11,1%	16,7%	16,5%	19
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	2,9%	4,2%	1,6%	4,8%	9,6%	11
Vinur/kunningi	10,6%	5,0%	9,5%	7,1%	7,0%	8
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	1,0%	2,5%	3,2%	4,8%	0,9%	1
Annar/önnur	6,7%	6,7%	4,8%	2,4%	6,1%	7
Fagaðili	0,0%	0,8%	4,0%	4,2%	0,9%	1
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	104	119	126	168	115	

5. Í flokknum frændi/frænka voru 24 frændur og 2 frænkur árið 2010, árið 2011 voru 31 frændi og 1 frænka, árið 2012 var 1 frænka og 15 frændur, árið 2013 voru það 2 frænkur og 33 frændur og árið 2014 voru 2 frænkur og 18 frændur.

20b Nauðgun

Nauðgun	2010	2011	2012	2013	2014	
Faðir/stjúpfaðir	1,4%	2,6%	0,5%	0,0%	1,0%	2
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	1,0%	0,5%	0,8%	0,5%	1
Bróðir/stjúpróðir	0,0%	0,5%	0,0%	1,1%	0,5%	1
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka ⁶	0,7%	2,6%	0,5%	1,9%	2,6%	5
Afi	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	16,4%	18,5%	15,4%	18,3%	23,5%	46
Fjölskylduvinur	2,7%	2,1%	3,7%	2,7%	4,1%	8
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,0%	0,0%	0,5%	0,4%	0,5%	1
Vinur/kunningi	43,8%	34,9%	44,9%	42,7%	35,7%	70
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,7%	1,5%	0,5%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	1,5%	1,4%	1,1%	2,0%	4
Ókunnugur	30,1%	26,7%	27,1%	26,3%	24,5%	48
Annar/önnur	3,4%	5,6%	3,7%	1,9%	2,6%	5
Fagaðili	0,7%	1,5%	1,4%	2,7%	2,6%	5
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	146	195	214	262	196	

Í töflum 20a og 20b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman fyrir sifjaspell og nauðgun eftir árum.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 20a og 20b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 5, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (277) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (423). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við „nauðgun“ sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 20a og 20b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 20a voru um 59,1% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldi fjölskylduböndum. Tafla 20b sýnir að um 59,2% ofbeldismanna voru makar,vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Þetta eru svipuð hlutföll og fram hafa komið í ársskýrslum fyrir árin 2012 og 2013.

6. Í flokknum frændi/frænka voru 4 frændur og 1 frænka árið 2014.

Tafla 21. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	321	75,9%
Já	78	18,4%
Óvíst	10	2,4%
Uppl. vantar	14	3,3%
Alls	423	100%

Tafla 21 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 18,4%. Þessar niðurstöður eru svipaðar og árin 2008 til 2013.

Tafla 22. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	12	17,4%
Hafnaði ofbeldinu	33	47,8%
Kenndi mér um ofbeldið	13	18,8%
Ekki viss	11	15,9%
Alls	69	100%

Tafla 22 sýnir að í 66,6% tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta eru svipaðar niðurstöður og á árunum 2009 til 2013.



Mynd 22. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotaþola?

Mynd 22 á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (423) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 423 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 22 vantaði upplýsingar frá 41 (9,7%).

Tafla 23. Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	42,2%	51,1%
Gaf gjafir/mútaði	13,8%	2,2%
Kenndi mér um ofbeldið	7,3%	18,1%
Notaði hótanir	15,6%	20,3%
Beitti líkamlegu ofbeldi	8,3%	16,5%
Annað	7,3%	6,6%
Ekki viss	22,0%	12,6%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessu er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að 13,8% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotaþolum en eingöngu 2,2% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 109 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 182. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 24. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	159	57,4%
2 ofbeldismenn	61	22,0%
3 ofbeldismenn	23	8,3%
4 ofbeldismenn	11	4,0%
5 ofbeldismenn	2	0,7%
6 ofbeldismenn	2	0,7%
7 ofbeldismenn	1	0,4%
Upplýsingar vantar	18	6,5%
Alls	277	100%


Tafla 24 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í kringum 36,1% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu á árunum 2008 til 2013.

Í töflu 24 kemur fram að í 5 tilfellum eru 5 til 7 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 25. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	337	79,7%
Já	56	13,2%
Óvíst	5	1,2%
Uppl. vantar	25	5,9%
Alls	423	100%



Mynd 23. Kært til lögreglu

Af þeim málum sem til Stígamáta bárust árið 2014 vitum við að 13,2% komust til opinberra aðila. Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2013 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta til eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)⁷ að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamáta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

7. Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). *Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola*. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 26. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	2	3,6%
Já	13	23,2%
Málið var fellt niður	20	35,7%
Málið er í vinnslu	19	33,9%
Ekki viss	2	3,6%
Alls	56	100%

Tafla 27. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	1	7,7%
Sýknun	2	15,4%
Skilorð	1	7,7%
Fangelsi	6	46,2%
Ekki viss	3	23,1%
Alls	13	100%

Tafla 28. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til hæstaréttar	7	58,3%
Ekki viss	5	41,7%
Alls	12	100%

Töflur 26, 27 og 28 gefa til kynna hvernig þeim málum sem kærð voru til lögreglu reiddi af í dómkerfinu. Eins og sjá má í töflu 26 endaði 23,2% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og í 39,3% málanna var ekki ákært eða málin fellt niður. Af þeim málum sem fóru fyrir héraðsdóm endaði rúmlega helmingur með fangelsisdómi eða skilorði eða um 53,9% (sjá töflu 27). Af þeim 12 málum þar sem dómur hafði fallið hjá héraðsdómi var 7 málum (58,3%) ekki vísað til hæstaréttar og í 5 málum (41,7%) var ekki vitað hvort málunum hafði verið vísað til hæstaréttar (sjá töflu 28). Af þessu sést að aðeins lítil hluti þeirra mála sem kærð eru til lögreglu enda með ákæru.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna. Með spurningalista sem lagður er fyrir notendur Stígamóta er reynt að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2014.

Tafla 29. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	158	37,4%
Já	107	25,3%
Stundum	63	14,9%
Óvíst	78	18,4%
Uppl. vantar	17	4,0%
Alls	423	100%

Eins og sjá má í töflu 29 kemur fram að um 37,4% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 14,9% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotþola ofbeldi oftar en einu sinni).

Tafla 30. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	65	57,0%	54	28,0%
Já	8	7,0%	71	36,8%
Stundum	15	13,2%	31	16,1%
Óvíst	26	22,8%	37	19,2%
Alls	114	100%	193	100%

Eins og tafla 30 sýnir voru 7,0% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímuefna og 13,2% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 36,8% undir áhrifum og 16,1% voru það stundum. Fjöldi ofbeldismanna í töflu 30 byggist eingöngu á þeim upplýsingum sem lágu fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 31. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	290	68,6%
Frá Evrópu	25	5,9%
Utan Evrópu	17	4,0%
Blandað þjóðerni	2	0,5%
Óvíst, uppl. vantar	89	21,0%
Alls	423	100%

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hætta af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 31 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 68,6%. Hafa verður þó í huga að upplýsingar vantar í um 21% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í árskýrslum árunna 2009 til 2013.


Tafla 32. Hefur brotþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	242	87,4%
Já	5	1,8%
Ekki viss	9	3,2%
Upplýsingar vantar	21	7,6%
Alls	277	100%

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2014 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 33. Var brotþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	39	36,4	49	31,2	7	25,0	10	47,6	2	25,0	38	40,0	13	54,2
Já	1	0,9	71	45,2	10	35,7	1	4,8	3	37,5	11	11,6	1	4,2
Stundum	2	1,9	24	15,3	5	17,9	5	23,8	2	25,0	22	23,2	7	29,2
Var barn (á ekki við)	58	54,2	7	4,5	3	10,7	2	9,5	-	-	10	10,5	-	-
Ekki viss	1	0,9	1	0,6	-	-	-	-	-	-	1	1,1	-	-
Upplýsingar vantar	6	5,6	5	3,2	3	10,7	3	14,3	1	12,5	13	13,7	3	12,5
Alls	107	100	157	100	28	100	21	100	8	100	95	100	24	100



Mynd 24. Var brotþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

Tafla 33 og mynd 24 greina frá hvort einstaklingur hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Í 54,2% tilfella þegar um sifjaspell var að ræða var brotþoli barn og í 36,4% tilfella þegar um sifjapell var að ræða var brotþoli ekki undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Stígamót ítreka að þó að einstaklingur sé drukkinn þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hann er beittur.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2014 var heildarfjöldi ofbeldismanna 452. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 34-38 á þeim 423 skýrslum sem fylltar voru út af brotþolum um ofbeldismennina.

Tafla 34. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	392	92,7%
Kona	21	5,0%
Uppl. vantar	10	2,4%
Alls	423	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða um 92,7% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðisofbeldis.

Tafla 35. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Sifjaspell	105	91,3%	10	8,7%	115
Nauðgun	189	96,9%	6	3,1%	195
Kynferðislega áreitni	113	93,4%	8	6,6%	121

Í töflu 35 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna sem beitt hafa sifjaspellum, nauðgun og kynferðislegri áreitni, þar sem kyn ofbeldismanna er þekkt. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 35 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 5), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (277) en í töflu 35 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (423) þar sem kyn og tegund brots var þekkt. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða kyn ofbeldismanns þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Eins og fram kemur í töflu 35 er meirihluti ofbeldismanna sem vitað er að beittu sifjaspelli, nauðgun eða kynferðislegri áreitni karlar.

Tafla 36. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	9	2,1%
11 - 13 ára	16	3,8%
14 - 17 ára	47	11,1%
18 - 29 ára	145	34,3%
30 - 39 ára	77	18,2%
40 - 49 ára	34	8,0%
50 - 59 ára	18	4,3%
60 - 69 ára	8	1,9%
70 - 79 ára	3	0,7%
80 ára og eldri	1	0,2%
Ekki viss	51	12,1%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,5%
Upplýsingar vantar	12	2,8%
Alls	423	100%

Tafla 36 sýnir að flestir ofbeldismenn eru á aldrinum 18-39 ára eða um 52,5%. Árið 2014 voru 72 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða 17% ofbeldismanna.

Tafla 37. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)	50	11,8%
Einhleyp(ur)	93	22,0%
Í sambandi	45	10,6%
Í sambúð/hjúskap	113	26,7%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	5	1,2%
Ekkja/ekkill	1	0,2%
Ekki viss	107	25,3%
Merkt við fleiri en 1 atriði	1	0,2%
Upplýsingar vantar	8	1,9%
Alls	423	100%

Í töflu 37 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 37,3% ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu.

Tafla 38. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	10	2,4%
Já	82	19,4%
Óvíst	313	74,0%
Upplýsingar vantar	18	4,3%
Alls	423	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 19,4% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftár en einu sinni.

Kyn ofbeldismanna og kyn brotþola

Tafla 39. Kyn ofbeldismanna og brotþola

			Kyn ofbeldismanns			
			Karl	Kona	Bæði karl og kona	Samtals
Kyn brotþola	Karl	Fjöldi	22	5	3	30
		Hlutfall %	73,3%	16,7%	10,0%	100,0%
	Kona	Fjöldi	209	5	7	221
		Hlutfall %	94,6%	2,3%	3,2%	100,0%

Tafla 39 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 251 brotþola en upplýsingar vantaði um kyn ofbeldismanns hjá 26 brotþolum. Ástæður þess að kyn ofbeldismanns vantaði geta verið þær að ekki allir brotþolar fylltu út spurningalista fyrir ofbeldismenn og sumir brotþolar svöruðu ekki spurningum um kyn ofbeldismanns. Tafla 39 sýnir að meirihluti karla og kvenna voru beitt ofbeldi af körlum. Athyglisvert er að 16,7% karla voru beittir ofbeldi af konu borið saman við 2,3% kvenna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)⁸. Niðurstöður Særúnar sýndu einnig að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum og herra hlutfall karla voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi af konu.

Aðstandendur

Heildarfjöldi aðstandenda árið 2014 voru 57 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda. Árið 2008 voru fyrst lagðir fyrir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum.

Tafla 40. Er brotþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	26	45,6%
Já	27	47,4%
Upplýsingar vantar	4	7,0%
Alls	57	100%

Í töflu 40 sést að í 45,6% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar.

8. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda*. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 41 a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

41a. Aðstandandi:

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapóla	50	87,7%
Ofbeldismanns	1	1,8%
Beggja	6	10,5%
Alls	57	100%

41b. Tengsl aðstandanda:

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	15	26,3%
Maki	25	43,9%
Systkini	4	7,0%
Barn (afkomandi)	1	1,8%
Vinur/vinkona	4	7,0%
Frænka/frændi	4	7,0%
Amma/afi	1	1,8%
Önnur tengsl	2	3,5%
Mismunandi tengsl við bæði brotapóla og ofbeldismann	1	1,8%
Alls	57	100%

Í töflum 41a sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotapóla en 10,5% eru þó tengdir bæði brotapóla og ofbeldismanni. Í töflu 41b sést að meirihluti þeirra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar, eða 70,2%. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í árskýrslu frá árunum 2008 til 2013.

Tafla 42. Kyn aðstandenda


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	22	38,6%
Kona	35	61,4%
Alls	57	100%

Eins og sést í töflu 42 kemur fram að meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2014 voru konur, eða 61,4%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram árin 2008 til 2014.

Tafla 43. Form ofbeldis sem brotapóli var beittur

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	24	31,6%
Nauðgun	28	36,8%
Kynferðisleg áreitni	10	13,2%
Annað	10	13,2%
Ekki viss	4	5,3%
Alls	76	100%

Tafla 43 sýnir það form ofbeldis sem brotapóli lenti í og aðstandandi leitar til Stígamóta vegna. Taflan sýnir að flestir leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra upplifði, eða 68,4%. Oft hefur fólk lent í fleiri en einni tegund ofbeldis og því eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (57).



Mynd 25. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi leitað til áður varðandi ofbeldið?

Það er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 25 er meiri en fjöldi einstaklinga (57) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandenda (57). Athyglisvert er að meirihluti eða 70,2% þeirra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta árið 2014 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins áður en þeir komu á Stígamót, þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2011 til 2013.

